



Bæjarstjórn Garðabæjar 18. (877)/2020

Boðað er til 18. (877). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 3. desember 2020 kl. 17:00 Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1076/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. nóvember 2020.

Dagskrá:

1. 2011370 - Tillaga um að streyma fjarfundum bæjarstjórnar.
2. 2011032F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/11 '20.
3. 2011044F - Fundargerð bæjarráðs frá 1/12 '20.
2010116 - Umsókn Urriðaholts ehf. um framkvæmdaleyfi vegna efnisflutninga á svæði á Urriðavelli, dags. ódags.
2011230 - Bréf Sorpu bs. varðandi samþykki fyrir lántökum vegna rekstraráætlunar 2021-2025, dags. 27.11.20.
4. 2011026F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 18/11 '20.
5. 2011029F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 20/11 '20.
6. 2011019F - Fundargerð leikskólanefndar frá 18/11 '20.
7. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 30/11 '20.
8. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 9/11, 16/11 og 23/11 '20.
9. 2001161 - Fundargerð 44. aðalfundar SSH frá 13/11 '20.
10. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 27/11 '20.
11. 2012025 - Tillaga um að Garðabær innleiði Framfaravogina mælitæki sem mælir velsæld bæjarbúa.
12. 2012024 - Tillaga um endurskoðun skólastefnu leik- grunn- og tónlistarskóla Garðabæjar.
13. 2012029 - Tillaga um að útfæra leiðir til að innleiða fjárhagslega hvata fyrir íbúa sveitarfélagsins sem að stuðla að betri flokkun og úrgangsstjórnun í sveitarfélaginu.
14. 2011429 - Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
15. 2006130 - Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ.
16. 2006130 - Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ.



17. 2006130 - Gjaldskrá leikskóla.
18. 2006130 - Gjaldskrá fyrir frístundaheimili.
19. 2006130 - Gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar.
20. 2006130 - Gjaldskrá vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar.
21. 2006130 - Gjaldskrá sundlauga Garðabæjar.
22. 2006130 - Gjaldskrá Bókasafns Garðabæjar.
23. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024)

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 2011370

Málsheiti: Tillaga um að streyma fundum fjarfundum bæjarstjórnar.

Málsaðili: Bæjarmálaafli Garðabæjar

Skráð af: Guðjón Erling Friðriksson

Ábyrgðaraðili: Guðjón Erling Friðriksson

Fundur: Bæjarráð Garðabæjar - 46. (1954) (24.11.2020) - Tillaga um að streyma fjarfundum bæjarstjórnar.

Dags: 24.11.2020

Inngangur:

Niðurst.: Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja að fundum bæjarstjórnar sem haldnir eru með fjarfundarbúnaði verði streymt beint.

Bæjarstjórn Garðabæjar
17. (876). fundur 2020

Fimmtudaginn 19. nóvember 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1076/2020 og samþykkt bæjarstjórnar í dag.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fengler, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 3. nóvember 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2003237 - Tillaga um að fundir bæjarstjórnar og nefnda verði með fjarfundarbúnaði.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram svohljóðandi tillögu.

„Fyrir hönd Garðabæjarlistans bóka ég hér með tillögu um að bæjarstjórnarfundum sem fram fara í gegnum fjarfundabúnað verði streymt hér eftir þar sem slík útfærsla er einföld og án kostnaðar. Þannig megi fá prufu og reynslu af fyrirkomulaginu til framtíðar. Opin og gagnsæ umræða skiptir máli nú þegar við sjáum fram á framlengingu fundarhalda í gegnum fjarfundarbúnað og því er brýnt að tryggja aðgengi að pólitískri umræðu eins og kostur er.“

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framkominni tillögu til bæjarráðs.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga um að nota fjarfundarbúnað á fundum bæjarstjórnar og nefnda.

„Bæjarstjórn samþykkir að heimilað verða að nota fjarfundarbúnað á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda sveitarfélagsins og víkja frá skilyrði í 3. mgr. 17.gr. sveitarstjórnalaga þar sem áskilnaður er um miklar fjarlægðir eða erfiðar samgöngur innan sveitarfélagsins, sbr. 1. tl. í auglýsingu ráðherra. Bæjarstjórn samþykkir að fundargerðir verði lesnar upp í lok fundar og samþykktar. Fundargerðir skulu sendar fundarmönnum með tölvupósti og undirritaðar með rafrænum undirskriftum, sbr. 5. tl. í auglýsingu ráðherra. Samþykkt þessi gildir til 10. mars 2021, sbr. auglýsing nr. 1076/2020, um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI: bráðbirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020“

Bæjarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

2. 2011008F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/11 '20.

Fundargerðin sem er 12. tl., er samþykkt samhljóða.

3. 2011021F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/11 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., kynningu á ákvæðum kjarasamninga um styttingu vinnutíma dagvinnufólks og 22. tl., útboð framkvæmda við uppbyggingu skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 14. tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis Vífilsstaðalands - þróunarsvæði B og tillögur að breytingum á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts og Vetrarmýrar.

Ingvar Arnarson, ræddi 14. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis Vífilsstaðalands - þróunarsvæði B og tillögur að breytingum á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts og Vetrarmýrar og 4. tl., aðgerðaráætlun sviða vegna úttektar á stjórnsýslu og rekstri og fjárhag Garðabæjar. Ingvar vék sérstaklega að tillögu vegna útboðs á vinnu iðnaðarmanna.

Sigurður Guðmundsson, ræddi að nýju 14. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis Vífilsstaðalands - þróunarsvæði B og tillögur að breytingum á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts og Vetrarmýrar.

Gunnar Einarsson, ræddi 22. tl., útboð framkvæmda við uppbyggingu skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og 14. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis Vífilsstaðalands - þróunarsvæði B og tillögur að breytingum á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts og Vetrarmýrar.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., kynningu á ákvæðum kjarasamninga um styttingu vinnutíma dagvinnufólks, 3. tl., drög að reglum Garðabæjar um úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja fyrir börn og 4. tl., aðgerðaráætlun sviða vegna úttektar á stjórnsýslu og rekstri og fjárhag Garðabæjar.

Afgreiðsla mála.

„Bæjarstjórn samþykkir samkvæmt 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu skipulagsnefndar að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Vífilsstaðalands - þróunarsvæði B. Tillagan var auglýst samhliða tillögum að nýju deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts, Vetrarmýrar, Rjúpnadal og umhverfiskýrslu. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum. Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdem og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á auglýstri tillögu.

Tákn fyrir háspennustreng og helgunarsvæði strengsins bætt við inn á breytingarupprátt.

Landnotkunartákn sett á Hnoðraholt fyrir iðnaðarsvæði vegna staðsetningar hitaveitugeyma Veitna. Ákvæði verði sett um að þeir séu niðurgrafnir að miklu leyti og lagaðir vel að aðliggjandi opnum svæðum og nálægri íbúðarbyggð.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 2. mgr. 31. gr. skipulagslaga ásamt innsendum athugasemdem og svörum við þeim. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.“ (Mál nr. 1804367)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Vetrarmýri samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi og umhverfiskýrslu. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdem og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á auglýstri tillögu.

Skipulagssvæðið er minnkað "jarðbrú" yfir Reykjanesbraut verður hluti af deiliskipulagi fyrir Reykjanesbraut sem unnið verður síðar. Bætt er við texta í kafla 2.3 um þetta atriði.

Í kafla 2.3 umhverfi er bætt er við texta um sjálfbær byggingarefni.

Í kafla 2.7.5 Sorpgeymslur og sorpflokkun er bætt er við texta um aðstæður og möguleika á sorpflokkun í djúpgámum

Í kafla 3.2 er bætt er texta um hæðarkóta.

Bætt er við nýjum kafla 3.7 Blöndun byggðar.

Í kafla 3.8 Hönnun og uppdrættir er bætt við ákvæði um auglýsingaskilti.

Bætt er við nýjum kafla 3.10 Framkvæmdir.

Bætt er við nýjum kafla 4.19 Yfirlit bygginga á deiliskipulagssvæðinu.

Safnbraut við hlíðarfót Hnoðrahólts er breytt í Sumarbraut sbr. samþykkt skipulagsnefndar 29. október 2020.

Á uppdrætti hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar.

Bætt hefur verið línu veghelgunarsvæðis Reykjanesbrautar.

Texta um hljóðvarnir er bætt við.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Með samþykkt deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulags Hnoðrahólts-og Vetrarmýrar sem samþykkt var af Skipulagsstjóra ríkisins þann 17. apríl 1996.“ (Mál nr. 1910293)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir norðurhluta Hnoðrahólts samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi og umhverfisskýrslu. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu:

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á auglýstri tillögu.

Götur fá götuheiti sbr. samþykkt skipulagsnefndar 29. október 2020.

Fjölbýlishúsum F-5 við austurhluta Vorbrautar með 47 íbúðum og 4 innkeyrslum er breytt í raðhús R-1. Um er að ræða fjórar raðhúslengjur við tvær botnlangagötur með 18 íbúðareiningum. Fjölbýlishús voru 2-3 hæðir en raðhús verða 2 hæðir.

Leiksvæði er bætt við austan við raðhúsin á móts við Þorrasali 13-15.

Fjölgað er stígatengingum frá stíg meðfram bæjarmörkum Kópavogs inn á stíga og gangstéttar í Þrymsölum og Þorrasölum í Kópavogi.

Ákvæði er bætt við um að Vorbraut milli golfbrauta og fjölbýlishúsa við Þorrasali verði niðurgráfin eins og aðstæður leyfa. Útfærslum golfboltavarna vísað til deiliskipulags Golfvallarins.

Hnoðrahóltsbraut er breytt þannig að núverandi gata helst óbreytt en í stað tengingar að sunnan er hún framlengd upp á holtið til norðurs og tengist þar Vetrarbraut á hringtorgi. Heitið Vetrarbraut framlengist norður yfir holtið að Arnarnesvegi. Heiti núverandi Hnoðrahóltsbrautar í holtinu breytist í Hnoðraholt en heiti brautarinnar frá Karlabraut að Vetrarbraut heldur sér. Tengingar við Eskiholt, Hrísholt og Háholt verða áfram eins og þær eru í dag, þ.e. beint við Hnoðraholt.

Vetrarbraut er breikkuð í 4 akreinar til norðurs frá Þorraholti að Arnarnesvegi.

Í sérskilmálum fyrir fjölbýlishús F-1 og F2 er lengd uppbrota breytt úr 6m í 8m.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Með samþykkt deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag Hnoðrahólts-og Vetrarmýrar sem samþykkt var af Skipulagsstjóra ríkisins þann 17. apríl 1996.“ (Mál nr. 1906192)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Rjúpnadal samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi og umhverfisskýrslu. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.“ (Mál nr. 1910294)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðanna við Keldugötu 2-4 sem gerir ráð fyrir að lóðirnar sameinist í eina lóð.“ (Mál nr. 2010441)

Fundargerðin sem er 29. tl. er samþykkt samhljóða.

4. 2011010F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 12/11 '20.

Fundargerðin lögð fram.

5. 2010055F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 12/11 '20.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., eineltisáætlanir skólanna, 3. tl., viðmið um flýtingar og seinkanir barna milli árganga í grunnskólum og 2. tl. áhrif kórónuveirufaraldurs á skólalald. Sigríður Hulda hrósaði sérstaklega stjórnendum og starfsmönnum skólanna fyrir þeirra störf við að tryggja skólasókn barna og ungmenna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl. eineltisáætlanir skólanna og 2. tl., áhrif kórónuveiru á skólalald. Sara Dögg lagði fram eftirfarandi fyrirspurn.

„Hvernig hefur starfsfólki leik- og grunnskóla verið umbunað til þessa fyrir það ómælda vinnuframlag sem unnið hefur verið af hendi í hverjum einasta skóla sveitarfélagsins?“

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 3. tl., viðmið um flýtingar og seinkanir barna milli árganga í grunnskólum og 1. tl., eineltisáætlanir skólanna.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., viðmið um flýtingar og seinkanir barna milli árganga í grunnskólum og svaraði fyrirspurnum.

Björg Fengler, ræddi 1. tl. eineltisáætlanir skólanna.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., áhrif kórónuveiru á skólalald og framkomna fyrirspurn.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., áhrif kórónuveiru á skólalald og framkomna fyrirspurn.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., áhrif kórónuveiru á skólalald og framkomna fyrirspurn.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., áhrif kórónuveiru á skólalald og framkomna fyrirspurn.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., áhrif kórónuveiru á skólalald og framkomna fyrirspurn.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., áhrif kórónuveiru á skólalald og framkomna fyrirspurn.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., áhrif kórónuveiru á skólalald og framkomna fyrirspurn.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., áhrif kórónuveiru á skólalald og framkomna fyrirspurn.

Fundargerðin lögð fram.

6. 2011014F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 11/11 '20.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., tillögu að breytingu á aðalskipulagi er varðar stígakerfi í upplandinu, 6. tl., mengunarmælingar, 7. tl., útivistarverkefnið Sporið og 8. tl., hreinsunarverkefni Strandvarða Íslands

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., tillögu að breytingu á aðalskipulagi er varðar stígakerfi í upplandinu, 6. tl., mengunarmælingar, 8. tl., hreinsunarverkefni Strandvarða Íslands og 9. tl., undirbúning að gerð loftlagsstefnu Garðabæjar.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4. tl., starfsskýrslu Skógræktarfélags Garðabæjar.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 6. tl., mengunarmælingar og 9. tl., undirbúning að gerð loftlagsstefnu Garðabæjar.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 22/10 '20.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., fjárhagsáætlun 2021, 4. tl., kynningarferli vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur og 6. tl., ráðningarferli framkvæmdastjóra.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., fjárhagsáætlun 2021 og gjaldskrárbreytingar.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., fjárhagsáætlun 2021 og gjaldskrárbreytingar.

Fundargerðin lögð fram.

8. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 6/11 '20.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., árshlutareikning 30. september 2020, 2. tl., fjárhags- og starfsáætlun 2021-2025, 4. tl., farþegatalningar og 3. tl., leiðarkerfisbreytingar.

Fundargerðin lögð fram.

9. 2001272 - Fundargerðir stjórnar SHS frá 6/3 - 31/10 '20.

Fundargerðirnar lagðar fram.

10. 2001493 - Fundargerðir svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðinu frá 25/9 og 23/10 '20

Ingvar Arnarson, ræddi 9. tl. fg. frá 25/9 '20, ofanbyggðaveg og bókanir á fundinum. Ingvar spurði um fjölda fulltrúa Reykjavíkur í svæðisskipulagsnefnd.

Harpa Þorsteinsdóttir ræddi 9. tl. fg. frá 25/9 '20, ofanbyggðaveg.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 9. tl. fg. frá 25/9 '20, ofanbyggðaveg og svaraði fyrirspurn.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 9. tl. fg. frá 25/9 '20, ofanbyggðaveg.

Almar Guðmundsson, ræddi 9. tl. fg. frá 25/9 '20, ofanbyggðaveg.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 9. tl. fg. frá 25/9 '20, ofanbyggaðveg og spurði almennt um samstarf og samtal milli bæjarfélaga varðandi veltengingar.

Gunnar Einarsson, ræddi 9. tl. fg. frá 25/9 '20, ofanbyggaðveg og svaraði fyrirspurn.

Fundargerðirnar lagðar fram.

11. 2001161 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 27/10 og 2/11 '20.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi sameiginlega vinnu sveitarfélaga varðandi stafræna þróun og samstarf við island.is.

Fundargerðirnar lagðar fram.

12. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024) - fyrri umræða.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri fylgdi úr hlaði frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2021 - 2024. Bæjarstjóri lagði fram greinargerð þar sem helstu markmið og niðurstöður eru raktar nánar.

Bæjarstjóri lagði til að vísa frumvarpinu til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi bókun er hún leggur fram ásamt Ingvari Arnarsyni og Hörpu Þorsteinsdóttur.

„Nú liggur fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 sem hefur fengið nokkuð betri lendingu en áætlað var í fyrstu. Það hefur verið áhugavert satt best að segja að fylgjast með tilurð áætlunarinnar þar sem í fyrstu var haft nokkuð hátt um þann gríðarlega halla sem framundan væri eða allt að 900 milljónir hér í Garðabæ sem kallaði á að óska þyrfti eftir stuðningi ríkisins til að komast í gegnum þann skaf sem mörg sveitarfélög eiga svo í sannarlegum vanda með að komast í gegnum.

En fljótt skipast veður í lofti og allt í einu eins og hendi væri veifað var staðan gjörbreytt. Hallinn óverulegur þegar A og B hluti er tekinn saman eða um 70 milljónir í miðjum heimsfaraldri. Einhverjir hafa eflaust hugsað okkur þegjandi þörfina.

En því má ekki gleyma að þungi þeirrar grunnþjónustu sem félagsþjónustan er og tekur hvað mest í hjá þeim sveitarfélögum í kringum okkur er ekki í neinni líkingu við veruleikann sem bæjarstjórn Garðabæjar er að takast á við.

En svo virðist vera að meirihlutinn hafi jafnvel einmitt áttað sig á stöðu sinni í stóra samhenginu og komist að þeirri niðurstöðu að það væri einfaldlega afar óábyrgt í alla staði að ætla að vanáætla tekjur vegna íbúafjölgunar til að mynda um of og því breyttist staðan heldur betur.

Það var nokkuð fróðlegt fyrir okkur í Garðabæjarlistanum að fylgjast með þessari aðferðafræði. En aðkoma Garðabæjarlistans að þessari fjárhagsáætlun hefur fyrst og fremst verið í formi kynningar en ekki samráðs eða samvinnu. Því miður. En í upphafi kjörtímabilsins höfðum við kallað eftir því að fá beinan aðgang að fjárhagsáætlanagerð sem virðist vera nýmæli í störfum meirihlutans.

Við upplifum afturför en ekki framför í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Hvað veldur er ekki gott að segja en líklegast er hér einföld en skýr pólitík meirihlutans sem ræður för.“

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Björg Fengler, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls.

Ingvar Arnarson, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls.

Samkvæmt frumvarpinu eru niðurstöður A og B hluta þessar:

	2021	2022	2023	2024
Tekjur:	17.398.686	18.678.940	19.638.498	20.333.531
Gjöld:	15.774.927	16.217.094	16.808.749	17.416.760
Rekstrarniðurstaða f. afskriftir:	1.623.759	2.461.846	2.829.749	2.916.770
Afskriftir	(1.041.632)	(1.165.420)	(1.237.896)	(1.308.183)
Rekstrarniðurst. án fjárm.tekna/gjalda	(581.827)	1.296.426	1.591.853	1.608.587
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(652.698)	(750.608)	(781.893)	(785.218)
Rekstrarniðurstaða	(70.871)	545.818	809.960	823.369

Bæjarstjórn samþykkir að vísa frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2021 – 2024 til síðari umræðu í bæjarstjórn og til frekari vinnslu í bæjarráði.

13. 2006130 - Tillaga um álagningarhlutfall útsvars á árinu 2021.

Lögð fram eftirfarandi tillaga.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði 13,70% á tekjur manna á árinu 2021 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24. gr. laganna. Samþykkt bæjarstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2020 samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.“

Tillagan samþykkt.

14. 2006130 - Tillaga um álagningu gjalda 2021.

Lögð fram eftirfarandi tillaga um álagningu fasteignaskatts, lóðarleigu og þjónustugjalda.

„Fasteignaskattur skal vera 0,185% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda og jarðeigna, sbr. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Fasteignaskattur skal vera 1,59% af öðrum fasteignum, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. c-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Leigugjald á íbúðarhúsalóðum Garðabæjar skal vera 0,4% af fasteignamati lóðar og er þá ekki nýtt að fullu heimild bæjarins sem er 1,0% samkvæmt niðurstöðu í matsgerð dómkvaddra manna.

Leigugjald á atvinnuhúsalóðum Garðabæjar skal vera 1,0% af fasteignamati lóðar, samkvæmt niðurstöðu í matsgerð dómkvaddra manna.

Vatnsgjald skal vera 0,095% af fasteignamati húsa ásamt lóðarréttindum, sbr. heimild í reglugerð um vatnsveitur.

Aukavatnsskattur skal á árinu 2020 vera 28,5 kr/tonn m.v. BVT í des 2020

Á Álftanesi skal vatnsgjald vera samkvæmt gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur sem innheimtir vatnsgjald samkvæmt samningi.

Holræsa- og rotþróargjöld skulu vera 0,10% af fasteignamati húsa ásamt lóðarréttindum, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005.

Á Álftanesi skal rotþróargjald vera kr. 31.160.

Sorphirðugjald skal vera kr. 41.000 á hverja íbúð.

Taðþróargjöld í hesthúsahverfi Andvara skulu vera kr. 318.500 á hvert hús.

Fasteignaskattur og holræsagjald sem tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða skal lækka að teknu tilliti til viðmiðunartekna. Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að ákvarða viðmiðunartekjur samkvæmt reglum um lækkun fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2021 verða 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl 15. maí, 15. júní, 15. júlí 15. ágúst. 15. september og 15. október.“

Gjaldskrár skólamálsverða, leikskóla, tómstundaheimila, starfsemi fristundar, sundlauga, bókasafns hækka um 2,5%.“

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um álagningu fasteignaskatts, lóðarleigu og þjónustugjalda.

Fleira ekki gert.,


Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send bæjarfulltrúum og undirrituð með rafrænum undirskriftum.

Sigurður Guðmundsson, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Undirritunarsíða

Áslaug Hulda Jónsdóttir



Undirritað af:
Áslaug Hulda
Jónsdóttir
0505764699
Dags: 21.11.2020
Tími: 08:25:32
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: de414477-
8bf5-4ef9-8612-
6d23ffd8f4c9

Sigríður Hulda Jónsdóttir




Undirritað af:
Sigríður Hulda
Jónsdóttir
1809645689
Dags: 20.11.2020
Tími: 23:38:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: de414477-
8bf5-4ef9-8612-
6d23ffd8f4c9

Sigurður Guðmundsson



Undirritað af:
Sigurður
Guðmundsson
2003703419
Dags: 23.11.2020
Tími: 10:09:56
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: de414477-
8bf5-4ef9-8612-
6d23ffd8f4c9

Gunnar Valur Gíslason



Undirritað af:
Gunnar Valur Gíslason
0603586809
Dags: 21.11.2020
Tími: 08:26:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: de414477-
8bf5-4ef9-8612-
6d23ffd8f4c9

Jóna Sæmundsdóttir



Undirritað af:
Jóna Sæmundsdóttir
1903582169
Dags: 21.11.2020
Tími: 12:23:25
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: de414477-
8bf5-4ef9-8612-
6d23ffd8f4c9

Almar Guðmundsson



Undirritað af:
Almar Guðmundsson
0305722979
Dags: 22.11.2020
Tími: 22:31:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: de414477-
8bf5-4ef9-8612-
6d23ffd8f4c9

Björg Fengler



Undirritað af:
Björg Fengler
1308785049
Dags: 22.11.2020
Tími: 15:27:48
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: de414477-
8bf5-4ef9-8612-
6d23ffd8f4c9

Gunnar Einarsson



Undirritað af:
Gunnar Einarsson
2505554079
Dags: 23.11.2020
Tími: 08:22:38
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: de414477-
8bf5-4ef9-8612-
6d23ffd8f4c9

Sara Dögg Svanhildardóttir



Undirritað af:
Sara Dögg
Svanhildardóttir
2607733139
Dags: 23.11.2020
Tími: 07:10:31
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: de414477-
8bf5-4ef9-8612-
6d23ffd8f4c9


Ingvar Arnarson



Undirritað af:
Ingvar Arnarson
2406783819
Dags: 20.11.2020
Tími: 22:50:20
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: de414477-
8bf5-4ef9-8612-
6d23ffd8f4c9

Undirritunarsíða

Harpa Þorsteinsdóttir



Undirritað af:
Harpa Þorsteinsdóttir
2706862229
Dags: 22.11.2020
Tími: 18:35:18
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: de414477-
8bf5-4ef9-8612-
6d23ffd8f4c9

Bæjarráð Garðabæjar
46. (1954). fundur 2020

Þriðjudaginn 24. nóvember 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1076/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. nóvember 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - COVID-19 - hættustig almannavarna.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundi almannavarna sem haldinn var sl. föstudag. Reglur um hertar takmarkanir á samkomum og skólahaldi gilda til 2. desember nk.

Kynntar voru nýjar reglur um að draga úr takmörkun á skólastarfi í tónlistarskólum og auka þannig svigrúm til tónlistarkennslu. Tónlistarskólum verður heimilt að sinna einstaklingskennslu en halda skal 2 metra reglu milli starfsfólks og nemenda. Hámarksfjöldi verður sambærilegur og í grunnskólum; 25 hjá eldri nemendunum, þ.e. í 8.10. bekk en 50 hjá yngri nemendum. Tveggja metra reglan gildir um nemendur í 8.10. bekk en ef vikja þarf frá henni skulu notaðar andlitsgrímur.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og félagsmálastjóri gerðu grein fyrir stöðu mála á sínum sviðum. Félagsmálastjóri fór yfir nýjar tölur varðandi atvinnuleysi.

Rætt um að hafa á dagskrá næsta fundar bæjarráðs greinargerð frá starfshópi sem skipaður var til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í Covid-19.

Bæjarfulltrúarnir, Sara Dögg Svanhildardóttir og Jóna Sæmundsdóttir og voru á fundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1-2.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri var á fundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1-2.

2. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024).

Bæjarstjóri kynnti að drög að gjaldskrá sem hafa verið vistaðar fundargáttinni og verða á dagskrá bæjarstjórnar 3. desember nk.

3. 2009388 - Kinnargata 35 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Stéttarfélaginu ehf., kt. 681206-0510, leyfi til að byggja parhús að Kinnargötu 35.

4. 2009387 - Kinnargata 37 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Stéttarfélaginu ehf., kt. 681206-0510, leyfi til að byggja parhús að Kinnargötu 37.

5. **2011218 - Erindi Alanó klúbbsins varðandi fjárstuðning, dags. 03.11.20.**
Bæjarráð vísar erindinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.
6. **2011231 - Tilkynning frá Skipulagsstofnun varðandi kynningu á tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026, dags. 13.11.20.**
Bæjarráð vísar málin til umfjöllunar skipulagsnefndar.
7. **2011353 - Ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2019.**
Lögð fram.
8. **2011337 - Hvatningabréf ASÍ o.fl. til sveitarstjórnarfólks um allt land varðandi styttingu vinnutíma í dagvinnu, dags. 18.11.20.**
Lagt fram.
9. **2011333 - Bréf Mótás hf. varðandi framsal lóðarréttinda að lóðinni nr. 10 við Eskiás, dags. 18.11.20.**
Bæjarráð samþykkir að verða við erindi Mótás hf., kt. 580489-1259 um framsal lóðarréttinda lóðarinnar Eskiás 10 til Mótás Garðabæjar ehf., kt. 501286-1419, sem er eigandi lóðarréttinda allra annarra lóða við Eskiás.
10. **2011213 - Tilkynning frá ÚUA varðandi kærú á ákvörðun um óverulega breytingu á deiliskipulagi Silfurtúns vegna lóðarinnar við Aratún 36, dags. 12.11.20.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.
11. **2011355 - Bréf svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins varðandi fjárhagsáætlun 2021, dags. 17.11.20.**
Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 og til kynningar í skipulagsnefnd.
12. **2011370 - Tillaga um að streyma fjarfundum bæjarstjórnar.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja að fundum bæjarstjórnar sem haldnir eru með fjarfundarbúnaði verði streymt beint.
13. **2011338 - Bréf Soroptimistaklúbbs Hafnarfjarðar og Garðabæjar varðandi átak gegn ofbeldi gagnvart konum, dags. 18.11.20.**
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til úrlausnar bæjarstjóra.
14. **2011372 - Umsókn Stjórnunnar um leyfi fyrir áramótabrennu 2020.**
Bæjarráð vísar umsókninni til bæjarstjóra en vegna reglna um takmörkun á samkomuhaldi sem takmarkar hversu margir geta komið saman er ólíklegt að leyfi verði veitt fyrir hefðbundnum áramótabrennum.
15. **2011331 - Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis varðandi fyrirspurn um framkvæmd fjarfunda, dags. 16.11.20.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfinu.

16. 2011360 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um fiskeldi, (vannýttur lífmassi í fiskeldi), 265. mál, dags. 18.11.20.
Lagt fram.
17. 2011327 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, málsmeðferð o.fl., 276. mál, dags. 17.11.20.
Lagt fram.
18. 2011321 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum, 81. mál, dags. 17.11.20.
Lagt fram.
19. 2011326 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010, uppbygging innviða og íbúðarhúsnæðis, 275. mál., dags. 18.11.20.
Lagt fram.
20. 2011359 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 187. mál, dags. 18.11.20.
Lagt fram.
21. 2011361 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum, 240. mál, dags. 18.11.20.
Lagt fram.
22. 2011378 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um menntastefnu 2020-2030, 278. mál, dags. 19.11.20.
Lagt fram.
23. 2011377 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu einstaklinga, nr. 140/2019 (sveitarfélag fyrsta lögheimilis), 82. mál, dags. 19.11.20.
Lagt fram.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send bæjarráðsfulltrúm og undirrituð með rafrænum undirskriftum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
47. (1955). fundur 2020

Þriðjudaginn 1. desember 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1076/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. nóvember 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - COVID-19 - hættustig almannavarna.

Lögð fram stöðuskýrsla AHS, dags. 30.11.2020 þar sem fjallað er um helstu breytingar á milli vikna og samanburð við önnur Evrópulönd með áherslu á Norðurlöndin. Þá var kynnt greining á fjölda smita eftir aldri og kyni.

Í fundargátt eru leiðbeiningar almannavarna er varða undirbúning jólahátíðar og samverustunda fjölskyldna á jolum og áramótum sem verða kynntar starfsmönnum.

Núverandi sóttvarnareglur þar sem m.a. er mælt fyrir um takmörkun á samkomum og skólastarfi vegna farsóttar gilda til lok dagsins í dag. Gera má ráð fyrir að hertar sóttvarnareglur gildi áfram.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og félagsmálastjóri gerðu grein fyrir stöðu mála á sínum sviðum.

Bæjarfulltrúarnir, Gunnar Valur Gíslason, Harpa Þorsteinsdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir og Jóna Sæmundsdóttir og voru á fundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1-3.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri var á fundi bæjarráðs undir dagskrárliðum 1-3.

2. 2005424 - Stöðumat starfshóps sem skipaður var til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna í COVID-19.

Lögð fram áfangaskýrsla starfshóps vegna eftirfylgdar með stöðu barna í ljósi COVID-19, dags. í nóvember 2020.

3. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024).

Bæjarstjóri kynnti tillögu um breytingar á frumvarpi að fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

Klifíð - samn. frá í júlí 2020	1.000.000	Samningur frá 2015 hækkaði.
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðis	3.200.000	Samkvæmt tillögu að áætlun.
Jöfnun úrgangsmoldar	-15.500.000	Fært á kostnað við gatnagerð.
Rekstur stofnana ýmiss vörukaup	-15.000.000	Aðhald stofnana - hagræðing.
Aðalskipulag	-5.000.000	Dregið verði úr þjónustukaupum.
Tölvuþjónusta	-5.000.000	Aðhaldskrafa - hagræðing.
Samtals lækkun kostnaðar	-36.300.000	

Bæjarráð vísar frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar 2021-2024 til síðari umræðu í bæjarstjórn 3. desember 2020.

4. **2011426 - Bréf Kvinnaráðgjafarinnar varðandi fjárframlag fyrir árið 2021, dags. 18.11.20.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.
5. **2011384 - Tilkynning Umhverfisstofnunar um auglýsingu vegna breytinga á starfsleyfi fyrir urðunarstað SORPU bs. í Álfsnesi, dags. 19.11.20.**
Lögð fram til kynningar.
6. **2011429 - Bréf Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. varðandi samþykkt á nýrri gjaldskrá, dags. 24.11.20.**
Bæjarráð vísar gjaldskránni til afgreiðslu bæjarstjórnar.
7. **2011449 - Erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2021, dags. 25.11.20.**
Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.
8. **2010116 - Umsókn Urriðaholts ehf. um framkvæmdaleyfi vegna efnisflutninga á svæði á Urriðavelli, dags. ódags.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að veita Urriðaholti ehf. og Styrktar- og líknarsjóði Oddfellowa leyfi til framkvæmda samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna losunar á 49.300 m³ jarðefnis af byggingarsvæði í Urriðaholti á svæði í norðvesturhorni golfvallar.

Fyrir liggur jákvæð afstaða umhverfisnefndar til málsins.
9. **2011399 - Tilkynning Persónuverndar um ársskýrslu fyrir árið 2019**
Lögð fram.
10. **2011466 - Áskorun á Reykjavíkurborg frá byggðaráði Skagafjarðar, dags. 24.11.20.**
Lögð fram.
11. **2011481 - Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi könnun HÍ á starfsumhverfi kjörinna fulltrúa í sveitarfélögum, dags. 25.11.20.**
Lagt fram.
12. **2010425 - Tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um upplýsingar varðandi íbúasamráð, dags. 20.11.20.**
Lögð fram.
13. **2011219 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.**
Lagt fram svar við fyrirspurn.

14. **2011450 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um vöru- og þjónustukaup 2020.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara fyrirspurninni.
15. **1808087 - Gerðardómur í deilumáli ÍAV og Garðabæjar um grundunaraðstæður, dags. 23.11.20.**
Lagður fram gerðardómur í deilumáli ÍAV og Garðabæjar um grundunaraðstæður. Í dómsorði kemur fram að Garðabæ beri að greiða Íslenskum aðalverktökum hf. kr. 165.922.853 vegna framkvæmda við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri.

Bæjarstjóri gerði nánari grein fyrir málsástæðum og niðurstöðu dómsins.
16. **2011230 - Bréf Sorpu bs. varðandi samþykki fyrir lántökum vegna rekstraráætlunar 2021-2025, dags. 27.11.20.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykka beiðni stjórnar Sorpu bs. um heimild til að framlengja skammtímalántöku allt að 1.100 mkr. í formi yfirdráttarheimildar á reikningi félagsins hjá Íslandsbanka hf. og nýrrar lántöku að fjárhæð 300 mkr til 10 ára. hjá Íslandsbanka hf.

Björg Fenger, vék af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins.
17. **2011446 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um bættu stjórnsýslu í umgengnismálum, 104. mál., dags. 25.11.20.**
Lagt fram.
18. **2011448 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál., dags. 25.11.20.**
Lagt fram.
19. **2011447 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (markmið, áhættumat, sektir ofl.), 311. mál., dags. 25.11.20.**
Lagt fram.
20. **2011498 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð, 321. mál., dags. 27.11.20.**
Lagt fram.
21. **2011497 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, 322. mál., dags. 27.11.20.**
Lagt fram.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send bæjarráðsfulltrúum og undirrituð með rafrænum undirskriftum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar
11. fundur 2020

Miðvikudaginn 18. nóvember 2020 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Guðrún Hrefna Sverrisdóttir félagsráðgjafi, Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, Umsjónarfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1508464 - Barnaverndarmál

Mál 1508464, varanleg fósturvistun barns utan heimilis, lagt fyrir fjölskylduráð. Úrskurðað að vista barn utan heimilis tímabundið. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundarins.

2. 2003150 - Barnaverndarmál

Tekið fyrir mál nr. 2003150, beiðni um afléttingu nafnleyndar. Beiðni synjað. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundarins.

3. 2011089 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2011089, umsókn um námsstyrk. Fjölskylduráð fjallar um málið og bókar nánar um það í trúnaðarmálahluta fundargerðar. Umsókn um námsstyrk er samþykkt.

4. 2011157 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2011157, umsókn um námsstyrk. Fjölskylduráð fjallar um málið og bókar nánar um það í trúnaðarmálahluta fundargerðar. Umsókn um námsstyrk er samþykkt.

5. 2009193 - Íþrótt- og tómstundastyrkir til lágtekjuheimila vegna COVID19

Tekið fyrir mál nr. 2009193. Fyrir fundinum liggja reglur Garðabæjar um úthlutun sérstakra íþrótt- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021 sem bæjarráð samþykkti á fundi sínum 17. nóvember 2020. Fjölskylduráð fjallar um reglurnar og mun fjalla um þau ágreiningsmál sem lögð eru fyrir ráðið í samræmi við 4. gr. reglnanna um málsmeðferð.

6. 1903268 - Tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-

Tekið er fyrir mál nr. 1903268, skýrslur Rannsókna & greininga á högum ungmenna í 8.-10. bekk í Garðabæ og aðrar tölulegar upplýsingar er varða velferð barna og fjölskyldna. Fjallað var um málið og helstu upplýsingar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar 24. fundur 2020

Föstudaginn 20. nóvember 2020 kl. 15:00 kom íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar Fjarfundur á Teams.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Stefania Magnúsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður, Þorsteinn Júlíus Árnason varamaður, Kári Jónsson íþróttá-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi, Gunnar Richardson tómstundafulltrúi og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttá-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2010050 - Fjárhagsáætlun 2021.

Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri fór yfir forsendur fjárhagsáætlunar 2021. Aðstæður krefjast varfærni enda óvissa mikil um útsvarstekjur og kostnað. Stærsta framkvæmdin á árinu 2021 er áframhaldandi uppbygging á fjölnota íþróttahúsinu við Vetrarmýri. Listi yfir óskir frá ýmsum félögum og ábendingar frá íbúum koma til skoðunar og afgreiðslu milli umræðna.

2. 2009193 - Íþróttá- og tómstundastyrkir til lágtekjuheimila vegna COVID19

Reglur Garðabæjar hafa verið samþykktar og eru aðgengilegar á vefsíðu bæjarins.

3. 2011287 - Íþróttahátíð íþrm ársins 2020

Íþróttahátíð Garðabæjar vegna kjörs íþróttamanns ársins og viðurkenninga fyrir framúrskarandi árangur á árinu 2020 verður haldin 10. janúar 2021 kl. 13:00.

Vegna samkomutakmarkana verður að finna nýja útfærslu á athöfninni. Stefnt er að því að halda hátíðina en nánari útfærsla á framkvæmd bíður þar til vitað er hve margir mega koma saman. Ákvörðun verður tekin á næsta fundi ÍTG.

4. 1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar

Lokafrágangur forvarnastefnu er í gangi og verður afgreidd til bæjarstjórnar eftir næsta fund ÍTG. Kynning hefur farið fram í nefndum og tillit tekið til ábendinga sem komið hafa.

Umræða var um eineltismál og aðgerðaáætlanir skóla og íþróttafélaga. Aðgerðaráætlanir eru nú í endurskoðun þar sem fjallað verður meira um samskipti milli einstaklinga/hópa. Mikið samráð og samstarf er milli skóla og frístundavettvangs. Átak er nú í undirbúningi á aukinni fræðslu sem nær til starfsfólks og íbúa Garðabæjar og er m.a. stefnt að því að halda opinn fræðslufund um næstu mánaðarmót.

5. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.

Kynning hefur farið fram.

6. 1912201 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 4. Stígakerfi í Upplandi

ÍTG fagnar fram kominni tillögu um breytingu á aðalskipulagi í upplandi Garðabæjar.

7. 2005424 - Starfshópur - að tryggja eftirfylgni með stöðu barna e-COVID 19

Farið yfir stöðu vellíðunarkvarða R&G sem kynntar voru fyrr um daginn. Verulegar áhyggjur komu fram á þeim fundi um líðan unglinga þar sem allir mælikvarðar hafa fallið um 5-10 prósentustig.

Áætlun um að félagsmiðstöðvarnar í Garðabæ taki upp "rafrænt Ungmennahús" fyrir 16-18 ára var kynnt.

Önnur mál:

Staðan í Covid 19. Íþróttakennsla í skólum og frístundastarf 15 ára og yngri hófst á miðvikudag 18. nóvember við mikinn fögnuð iðkenda og kennara.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
19. fundur 2020

Miðvikudaginn 18. nóvember 2020 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Ásta Kristín Valgarðsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Benedikt D. Valdez Stefánsson fulltrúi foreldra og Kristín Þóra Garðarsdóttir fulltrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2010038 - starfsáætlanir leikskóla 2020- 2021

Starfsáætlanir leikskóla voru lagðar fram til umfjöllunar.

Garðabæjarlisti bókar eftirfarandi. Það skýtur skökku við í ljósi umræðunnar að undaförnu þegar farið er yfir þau verkfæri sem leikskólar Garðabæjar búa yfir og nýta sér í starfi að sjá hvernig getið í starfs- eða matsáætlunum leikskólanna t.d. samstarfsverkefnið Velferð barna í Garðabæ.

Samvinnuverkefnið Velferð barna í Garðabæ er verkefni sem stuðlar að samvinnu allra skólastofnanna, íþrótt og tómstundafélaga um heildstæða stefnu er varðar jafnrétti, kynheilbrigði og velferð barna.

Garðabæjarlistinn leggur til að gerð verði athugun meðal skólastjórnenda hvaða aðferðum er beitt til að auka öryggi og velferð barna í skólastarfinu og þá hvernig þessi verkfæri/verkefni eru nýtt og beitt í starfi. Niðurstöðurnar verði ræddar á næsta fundi leikskólanefndar.

Meirihlutinn vill áréttta að Velferð barna er samvinnuverkefni þvert á allar skólastofnanir, íþrótt- og tómstundafélög í Garðabæ en starfsáætlanir eru til þess að skýra innra starf leikskóla og áherslur þeirra hverju sinni eins og lög um leikskóla kveða á um.

2. 2010211 - COVID19 staðan í leikskólum

Leikskólanefnd var upplýst starfsemi leikskóla vegna áhrifa af COVID 19. Nefndin vill koma á framfæri þakklæti til starfsfólks leikskóla fyrir þeirra störf í faraldrinum.

3. 2011223 - Stuðningur við námsumhverfi leikskóla

Leikskólanefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að styðja við innra starf leikskóla til að þeir geti sinnt því lögboðna hlutverki sem þeim ber. Úthlutanir styrkja úr Þróunarsjóði leikskóla eru ríkur þáttur í stuðningi við fagþróun í leikskólum, því er mikilvægt að staðið verði vörð um fjármagn til sjóðsins til að hann geti áfram stutt við innra starf leikskólanna. Leikskólinn hefur sannað sig sem framlínustarfsemi sem mikilvægt er að styðja áfram.

4. 2011222 - Efling á félagsfærin leikskólabarna

Leikskólanefnd var upplýst um framkvæmd vinnu innan leikskóla til að efla félagsfærni hjá börnum.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

261. fundur heilbrigðisnefndar 30. nóvember 2020

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mánudaginn 30. nóvember á skrifstofu heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5 í Garðabæ. Fundurinn hófst kl.16:30 og fór fundurinn fram með rafrænum hætti í samræmi við fyrri samþykktir nefndarinnar. Mættir voru nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Harðar Þorsteinssonar sem jafnframt ritaði fundargerð.

Skipulagsmál

1.1 Umsögn vegna skipulagslýsingar fyrir tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2036.

Lagt fram erindi frá skipulagsstjóra Garðabæjar, þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2016-2036. Í skipulagslýsingunni kemur fram að unnið er að breytingu á aðalskipulagi sem nær til alls upplands sveitarfélagsins, þ.e. landsvæðis innan sveitarfélagsins utan þéttbýlismarka. Unnið er að endurskoðun stíga og reiðvega í upplandinu auk þess sem fyrirhuguð er friðlýsing á Urriðakotshrauni og deiliskipulagsgerð fyrir golfvöll og útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum. Einnig kallar tillagan að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna rammahluta Vífilstaðalands sem er í kynningarferli, á endurskoðun vegna stígatenginga við upplandið.

Heilbrigðisnefnd tekur undir þau markmið sem fram koma í tillögum að breytingum á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2036 er varðar uppland bæjarins, að lögð verði áhersla á verndun sérstæðrar náttúru, menningar og sögu og að „Græni stígurinn“ göngu-, hjóla- og útivistarstígur sem ætlaður er að tengja öll sveitarfélögin saman, verði betur skilgreindur. Þá er jafnframt mikilvægt að friðlýsingar sem gerðar hafa verið frá því aðalskipulagið var samþykkt, verði færðar inn á skipulagið og kynntar sem hluti skipulagsins.

1.2. Umsögn vegna skipulagslýsingar fyrir tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2036, Garðaholti og Garðahverfi, og breyting á deiliskipulagi Garðahverfis.

Lagt fram erindi dags. 9. nóvember frá Sólveigu Helgu Jóhannsdóttur skipulagsfræðings hjá Garðabæ, þar sem óskað er eftir álitum Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á skipulagslýsingu fyrir tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2036, Garðaholti og Garðahverfi, og breyting á deiliskipulagi Garðahverfis. Með erindinu fylgir skipulagslýsing gerð af Alta sem dagsett er 29. október 2020.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við ofangreinda skipulagslýsingu. Nefndin beinir því til Garðabæjar að við þróun byggðar á svæðinu verði viðunandi fráveitulausnir tryggðar.

1.3. Umsögn vegna skipulagslýsingar fyrir tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2016-2036, Brekkuás búsetukjarni.

Lagt fram erindi dags. 9. nóvember frá Sólveigu Helgu Jóhannsdóttur skipulagsfræðings hjá Garðabæ, þar sem óskað er eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á skipulagslýsingu fyrir tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2036, Brekkuás, búsetukjarni. Með erindinu fylgir skipulagslýsing gerð af Teiknistofu arkitekta, Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf. dagsett nóvember 2020.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við ofangreinda skipulagslýsingu.

1.4. Umsögn vegna skipulagslýsingar fyrir tillögu að breytingu deiliskipulags fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum.

Lagt fram erindi frá skipulagsstjóra Garðabæjar, þar sem óskað er umsagnar um breytingu á deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum. Breytingarnar ganga útá að þróa svæðið sem fjölbreytt útivistarsvæði samhliða vernd einstakra menningar- og náttúruminja.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum. Unnið er að friðlýsingu hluta af Urriðakotshrauni sem fólkvang og er það mikilvægur þáttur í að friðlýsa Búrfellshraun frá gíg til strandar innan bæjarmarka Garðabæjar. Þá fagnar heilbrigðisnefnd þeirri fyrirætlun að gert er ráð fyrir að stækkun golfvallarins skuli vera skráð sem viðurkennt verkefni hjá GEO, sjálfbærnivottunar- og handleiðslukerfi GEO (Golf Environment Organization) sem hefur það að markmiði að gera golfvelli sjálfbærari og þannig tryggja minni vistspor starfseminnar.

1.5. Umsögn vegna: Lyklafellslína 1 og Ísallína 3.

Gnýr vikur af fundi undir þessum lið.

Lagt fram erindi frá Skipulagsstofnun dags.12.11.2020 þar sem óskað er eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á tillögu að matsáætlun um framkvæmdir við Lyklafellslínu 1 og Ísallínu 3.

Heilbrigðiseftirlitið gerði umsögn um tillögu að drögum að matsáætlun vegna Lyklafellslínu 1 með bréfi dags.10.08.2020 þar sem farið var yfir þau atriði sem eftirlitið vill helst vekja athygli á, sem er að við framkvæmdina verði neysluvatnsöryggi höfuðborgarsvæðisins tryggt og viðeigandi mótvægisáðgerðir verði skoðaðar og kynntar. Athugasemdum sem komið var á framfæri í fyrrgreindri umsögn um að skoðið verði öll þau gögn og skýrslur sem nú liggja til grundvallar vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins hefur verið mætt og jafnframt er vakin athygli á því að hafnar eru frekari rannsóknir á vegum Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á vatnsverndarsvæðinu til að tryggja meiri þekkingu á vatnsstraumum og vistkerfi svæðisins. Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina að öðru leyti en það sem þegar hefur komið fram í umsögn frá 10.08.2020.

1.6. Umsögn vegna: vegamót Arnarnesvegur, við Breiðholtsbraut.

Lagt fram erindi dags. 16. nóvember frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað er eftir álit Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á því hvort áformuð breyting á áður samþykktri útfærslu vegamóta Arnarnesvegur við Breiðholtsbraut sé þess eðlis að hún sé líkleg

til að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið í skilningi laga um nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Með erindinu fylgdi greinagerð VSÓ ráðgjafar; „Arnarnesvegur – vegamót við Breiðholtsbraut“ dagsett október 2020, unnin fyrir Vegagerðina. Breytt tillaga felur í sér brú yfir Breiðholtsbraut og ljósastýrð vegamót. Í greinagerðinni kemur fram að þessi útfærsla sé sameignleg niðurstaða Reykjavíkurborgar, Kópavogs og Vegagerðarinnar.

Nefndin telur að í greinargerð sé gerð nægjanleg grein fyrir áformaðri breytingu á framkvæmdinni og þeim áhrifum sem hún kann að hafa á sitt umhverfi umfram fyrri áform. Nefndin telur að ekki séu forsendur fyrir því að vísa henni í umhverfismat.

1.7. Umsögn um tillögu að matsáætlun, Reykjanesbraut – Krísuvíkurvegur – Hvassahraun.

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dagsett 23. nóvember 2020 þar sem óskað er umsagnar um tillögu að matsáætlun vegna áformaðrar tvöföldunar á Reykjanesbraut frá Krísuvíkurvegi að Hvassahrauni. Frestur til að veita umsögn er til 10. desember.

Heilbrigðisnefnd hefur veitt umsögn á fyrri stigum undirbúnings framkvæmdar. Fram kemur í tillögunni, að matsáætlun verður tekið á málum er tengjast umferðaröryggi bæði akandi, hjólandi og gangandi fólks, hljóðvist, loftgæðum, vatnafari og vatnalífi.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi tillögu að matsáætlun. Nefndin fagnar áformuðum vegabótum sem stuðla mun að mun meira umferðaröryggi og betra umferðarflæði.

1.8. Umsögn um tillögu að matsáætlun fyrir fyrirhugaða Borgarlínu, Ártúnshöfði, Hamraborg.

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dagsett 26. nóvember 2020 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar um tillögu að matsáætlun vegna áformaðrar Borgarlínu.

Með erindinu fylgdi greinagerð Verkefnastofu Borgarlínu; „Borgarlínan, Ártúnshöfði – Hamraborg. Tillaga að matsáætlun“, dagsett júlí 2020. Matsáætlunin nær til fyrsta áfanga Borgarlínu. Leið milli Hamraborgar í Kópavog um brú yfir Fossvog í gegnum miðbæ Reykjavíkur og þaðan upp á Ártúnsholt.

Í matsáætluninni er gerð grein fyrir helstu áhrifaþáttum. Fjallað verður annars vegar um áhrifaþætti á framkvæmdatíma og hins vegar eftir að rekstur línunnar er kominn á skrið.

Heilbrigðisnefnd telur að fyrirliggjandi tillaga að matsáætlun nái til þeirra þátta sem þurfa að koma til skoðunar í matsskýrslu. Nefndin gerir ekki athugasemdir á þessu stigi máls en minnir á mikilvægi þess að hljóðvistar- og öryggismál fái ítarlega umfjöllun í matsskýrslu.

2 Starfsleyfi

Garðabær

2.1 Iðnbúð 2, Garðabær – veitingastaður

Lögð fram umsókn Einars Ágústssonar, f.h. Megn ehf., kt. 660520-0150, dags. 29.07.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir pizzustað að Iðnbúð 2, Garðabæ.

Fasteignanr. 207 0951, 02 0101. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 07.08.2020. Jákvætt svar byggingafulltrúa.

Eftirlitsskýrsla dags.30.11.20.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.2 Kaupún 4, Garðabær– matsöluvagn

Lögð fram umsókn Jóns Einarssonar, f.h. Miklartorg hf. (IKEA), kt. 541293-2809, dags. 12.11.2020, þar sem sótt er um tímabundið leyfi fyrir matsöluvagn að Kaupúni 4, Garðabær.

Fasteignanr. 2286809. Ný starfsemi, viðbót við starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er tímabundið starfsleyfi samþykkt til 15.01.2021.

2.3 Litlatún 1, Garðabær – sjálfsafgreiðslustöð

Lögð fram umsókn Loga L. Hilmarssonar, f.h. Skeljungur hf., kt. 590269-1749, dags. 27.10.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bensínafgreiðslustöð að Litlatúni 1, Garðabæ.

Fasteignanr. 2314233. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags.10.09.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.4 Urriðaholtsstræti 20, Garðabær– snyrtistofa

Lögð fram umsókn Lauren Nhat Vu Duong, f.h. Beautybylauren ehf., kt. 6809200600, dags. 29.10.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Urriðaholtsstræti 20, Garðabær.

Fasteignanr. 2501431. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags.29.10.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 24.11.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.5 Vífilsbúð, Garðabær– vatnsveita við Grunnvötn

Lögð fram umsókn Eysteins Haraldssonar, f.h. Vatnsveitu Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 30.10.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs vatnsveitu við Grunnvötn, Garðabæ.

Fasteignanúmer : 2506922. L2290998.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er mælt með staðfestingu starfsleyfis frá 25.06.2020, til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Hafnarfjörður

2.6 Bæjarhraun 2, Hafnarfjörður - ísgerð /isbúð

Lögð fram umsókn Jóhanns Friðriks Haraldssonar, f.h. Skúbb ehf., kt. 640317-0940, dags. 26.11.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs ísbúðar að Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2224302. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 27.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeðglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.7 Dalshraun 13, Hafnarfjörður - matsölustaður

Lögð fram umsókn Wenli Wang, f.h. Fönix., kt. 531211-0300, dags. 26.11.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matsölustaðar að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2359962. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 26.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeðglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.8 Gjáhella 5, Hafnarfjörður - bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Mirel Jaupllari, f.h. NL Workshop ehf., kt. 620620-1060, dags. 28.10.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Gjáhelli 5, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2312677. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.10.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 29.10.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareðglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

2.9 Hrauntunga 5, Hafnarfjörður - Niðurrif

Lögð fram umsókn Halldórs Svanssonar, f.h. GS Hús ehf., kt. 641007-0990, dags. 20.11.2020, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs fasteignar við Hrauntungu 5, Hafnarfirði. Fasteignarnr. 2075922.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.11.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareðglugerða er samþykkt starfsleyfi til niðurrifs 15.01.2021.

2.10 Klukkuberg 6, Hafnarfirði– dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Huga Jens Halldórssonar, f.h. AH Import ehf., kt. 480115-0900, dags. 16.11.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla. Lögheimili starfseminnar er að Klukkubergi 6, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2077052. Ný starfsemi.

Vörugæmsla og vörudreifing er frá vöruhúsi Eimskipa.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeðglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.11 Melabraut 17, Hafnarfjörður - prentsmiðja

Lögð fram umsókn Eyþórs Páls Haukssonar, f.h. Prentmiðlun ehf., kt. 440208-0290, dags. 26.11.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentsmiðju að Melabraut 17, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2077816. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 27.11.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.12 Suðrhella 10, Hafnarfjörður – gisting

Lögð fram umsókn Konráðs Magnússonar, f.h. Firing fasteign ehf., kt. 470109-0920 dags. 26.08.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gististað að Suðrhellu 10, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.09.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 09.09.2020. Neikvætt svar byggingafulltrúa 28.10.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða og afstöðu byggingafulltrúa er lagt til að umsókninni sé hafnað á þeirri forsendu að starfsemin sé ekki í samræmi við skipulag.

2.13 Skipalón 23, Hafnarfjörður – daggæsla

Lögð fram umsókn Hildar Gylfadóttur, kt. 220567-5329 dags. 03.11.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir daggæslu barna 6-10 börn að Skipalóni 23 íbúð 401, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2297458.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 06.11.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 10.11.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeplugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um samþykki byggingafulltrúa.

Kópavogur

2.14 Bláfjallavegur, Kópavogur – vegagerð

Lögð fram umsókn Ara Sigurðssonar, f.h. Loftorku Reykjavíkur, kt. 571285-0549, dags. 03.11.2020, þar sem sótt er um leyfi til lagfæringar á Bláfjallavegi, Kópavogi.

Tímabundið leyfi.

Minnisblað dags. 18.11.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest frá 06.11.2020 til 30.06.2021.

2.15 Bláfjallavegur, Kópavogur – vegagerð

Lögð fram umsókn Svans Bjarnasonar f.h. Vegagerðin, kt. 680269-2899, dags. 03.11.2020, þar sem sótt er um leyfi til lagfæringar á Bláfjallavegi, Kópavogi. Tímabundið leyfi.

Minnisblað dags. 10.11.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest frá 06.11.2020 til 30.06.2021.

2.16 Fossahvarf 16, Kópavogur - dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Hlynns Ívars Ragnarssonar, f.h. Vendita ehf., kt. 481020-1230, dags. 30.11.2020 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla. Lögheimili starfseminnar er að Fossahvarfi 16, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og tilskilin rekstrarleyfi frá sýslumanni.

2.17 Hagasmári 2, Kópavogur - Niðurrif

Lögð fram umsókn Úlfars Haraldssonar, f.h. Furu ehf., kt. 621281-1009, dags. 16.11.2020, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs fasteignar við Hagasmára 2, Landnúmer 114363. (Silfursmári 2 fasteignanr. 2060550).

Eftirlitsskýrsla dags. 17.11.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt frá 18.11.2020 til 20.12.2020.

2.18 Hagasmári 3, Kópavogur – kaffihús

Lögð fram umsókn Evu Maríu Hallgrímsdóttur, f.h. Sætar Syndir ehf., kt. 430517-0820 dags. 03.11.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kaffihús að Hagasmára 3, Kópavogi. Fasteignanr. 2307807. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.11.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

2.19 Hagasmári 3, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Ágústis Freys Hallssonar, f.h. Mækæ ehf., kt. 640818-0340 dags. 24.11.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Hagasmára 3, Kópavogi. Fasteignanr. 2307807. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar og úttekt heilbrigðiseftirlits..

2.20 Holtasmári 1, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Kolbeins Viðars Jónssonar, f.h. Tannlæknar Reykjavík slf., kt. 491110-0310 dags. 16.11.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu að Holtasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. 2241742. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 18.11.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 23.11.2020.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.21 Jörfalind 25, Kópavogur - dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Gunnars Þorvarðarsonar, f.h. Miðsalir ehf., kt. 430516-1910, dags. 06.11.2020 þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla. Lögheimili starfseminnar er að Jörfalind 25, Kópavogi, Fasteignanr.: 2225441. Ný starfsemi.

Vörugeymsla og vörudreifing er frá vöruhótelu, Gorilla vöruhús Vatnagörðum.

Eftirlitsskýrsla 27.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.22 Kársnesbraut 112, Kópavogur – framleiðsla og dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Sigvalda Jóhannessonar, f.h. Villibráð Silla slf., kt. 420315-0900, dags. 27.10.2020, þar sem sótt er um breytingu á starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Kársnesbraut 112, Kópavogi.

Fasteignanr. 2063144. Breyting á starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.10.2030.

2.23 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Höskuldar Gunnlaugssonar, f.h. Gamli Bakstur, kt. 530315-0100, dags. 21.10.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 03.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

2.24 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Hörpu Atladóttur, kt. 270984-2669 f.h. Bökum saman, dags. 21.10.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.10.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

2.25 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Hlyns Guðmundssonar, f.h. Hlynur kokkur ehf., kt. 670319-1050, dags. 05.11.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 18.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

2.26 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Jakobs Robertsonar, f.h. Artic Pies ehf., kt. 521020-1050, dags. 06.11.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

2.27 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Kristjáns Thors, f.h. Koala ehf., kt. 590515-1750, dags. 19.11.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

2.28 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla ABB

Lögð fram umsókn Lea Jade Kuliczkowski, kt. 170292-4569 f.h. Bao Bao, dags. 26.11.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.29 Skólagerði 6a, Kópavogur – niðurrif

Lögð fram umsókn ABLtak ehf., f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 29.10.2020, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs fasteignar við Skólagerði 6a, Kópavogi. Fasteignanr. 2065031.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.10.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er staðfest starfsleyfi frá 9.11.2020 til 31.12.2020.

2.30 Smiðjuvegur 2, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Piotr Jakubek, f.h. Mini Market ehf., kt. 470214-1040 dags. 27.10.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Smiðjuvegi 2, Kópavogi. Fasteignanr. 226-3524. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.11.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 10.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun húsnæðis.

2.31 Smiðjuvegur 11, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Chariat Youbanphot, f.h. Thai food BKG ehf (Bangkok), kt. 630920-0780 dags. 27.10.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Smiðjuvegi 11, Kópavogi. Fasteignanr. 2065298. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 03.11.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 09.11.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.32 Urðarhvarf 2, Kópavogur – hótél

Lögð fram umsókn Alberts Sveinssonar, f.h. SAB ehf., kt. 510496-2489, dags. 11.11.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hótels að Urðarhvarfi 2, Kópavogi.

Fasteignanr. 2301051. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.11.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.33 Vatnsendablettur 237, Kópavogur - Niðurrif

Lögð fram umsókn dags.19.11.2020, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 16.11.2020, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs fasteignar við Vatnsendablett 237, fyrir hönd dánarbús Þorsteins Hjaltsted, fasteignanr. 116767. Landnúmer 2066674.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.11.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er staðfest starfsleyfi til 20.12.2020.

2.34 Vesturvör 24, Kópavogur – verkstæði fyrirtækis

Lögð fram umsókn Hjartar Jóhannssonar, f.h. Borgargarðar ehf., kt. 600603-2640, dags. 12.11.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir verkstæði fyrirtækis að Vesturvör 24, Kópavogi. Fasteignanr. 2065904. Endurnýjun.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 12.11.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 13.11.2020. *Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

2.35 Víkurhvarf 7, Kópavogur – snyrtivöruframsleiðsla

Lögð fram umsókn Auðar Árnadóttur, f.h. Bioeffect ehf., kt. 630309-0180, dags. 21.10.2020, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu og sölu á snyrtivörum að Víkurhvarfi 7, Kópavogi. Fasteignanr. 2293151. Breyting á húsnæði.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3 Umsagnir

Hafnarfjörður

3.1 Flatahraun 5a, Hafnarfjörður - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.11.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Norður og niður ehf., kt.560708-0840, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II að Flatahrauni 5a, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 27.11.2020.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 29.08.2011.

3.2 Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.08.2020, móttekið 12.11.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Viv ehf., kt. 700616-0450, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 25.09.2020.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 30.09.2020.

Kópavogur

3.3 Hagasmári 3, Kópavogur - kaffihús rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.11.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sætar Syndir ehf., kt. 430517-0820, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II að Hagasmára 3, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 30.11.2020.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 30.11.2020.

3.4 Urðarhvarf 2, Kópavogur - gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.11.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn SAB ehf., kt. 510496-2489, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II að Urðarhvarfi 2, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 25.11.2020.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 30.11.2020.

4 Tóbaksleyfi

4.1 Strandgata 49, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn fyrir Álfagull ehf., kt. 441116-0470, dags. 11.11.2020 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Álfagull ehf., Strandgötu 49, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 25.11.2020. *Leyfisveiting staðfest.*

4.2 Smiðjuvegur 2, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn fyrir Mini Market ehf., kt. 470214-1040, dags. 03.11.2020 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Mini Market ehf., Smiðjuvegi 2, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 25.11.2020. *Leyfisveiting staðfest.*

5 Annað

5.1 Frá nefndarsviði Alþingis – 275. mál til umsagnar

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum nr.123/2010 sem kemur að uppbyggingu innviða.

Heilbrigðisnefnd var kynnt umsögn framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu sem send var í samráðsgátt stjórnvalda þegar áform um frumvarpið var lagt fram frá 3. september, þar sem vakin var athygli á að hagsmunir vatnsverndar verði tryggðir. Þá voru samhljóða athugasemdir við frumvarpið sendar inn þegar drög að frumvarpinu voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda m.a. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

5.2 Thorsplan, Hafnarfjörður – Jólaborpið

Lögð fram umsókn Rósu Guðbjartsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar., kt. 590169-7579, dags. 21.10.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir útmarkað í sölubásum í tengslum við jólaborpið á Thorsplani í Hafnarfirði, frá 27. nóvember – 23. desember.

Heilbrigðisnefnd veitir jákvæða umsögn um tímabundið leyfi.

5.3 Áramótabrennur og þrettándabrennur

Fyrir liggja eftirtalin erindi vegna áramótabrenna og þrettándabrenna.

I. Ásvellir, Hafnarfjörður, áramótabrenna

Lögð fram umsókn Bjarna H. Geirssonar f.h. Knattspyrnufélagsins Haukar., kt. 600169-0419, dags. 15.11.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu á Ásvöllum (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.00 þann 31.12.2019.

Jákvæð umsögn staðfest með fyrirvara um að fylgt sé reglugerðum heilbrigðisráðuneytis er varðar sóttvarnir og samkomutakmarkanir.

II. Ofan Gulapings, áramótabrenna

Lögð fram umsókn Árna Þórs Árnasonar, kt. 240366-5179, dags. 23.11.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu fyrir ofan Gulapíng (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.30 þann 31.12 2020.

Jákvæð umsögn staðfest með fyrirvara um að fylgt sé reglugerðum heilbrigðisráðuneytis er varðar sóttvarnir og samkomutakmarkanir.

III. *Smárahvammur, Kópavogur, áramótabrenna*

Lögð fram umsókn Eysteins P. Lárussonar f.h. Breiðabliks, kt. 480169-0699, dags. 25.11.2019, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu við Smárahvamm (sama staðsetning og undanfarin ár), kl. 20.30 þann 31.12.2019.

Jákvæð umsögn staðfest með fyrirvara um að fylgt sé reglugerðum heilbrigðisráðuneytis er varðar sóttvarnir og samkomutakmarkanir.

IV. *Ásgarður, Garðabær, áramótabrenna*

Lögð fram umsókn Einars Arnar Ævarssonar, f.h. Stjarnan – knattspyrnudeild kt. 611175-0199, dags. 23.11.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu við Sjávargrund, Garðabæ kl. 21.00 þann 31.12 2020.

Jákvæð umsögn staðfest með fyrirvara um að fylgt sé reglugerðum heilbrigðisráðuneytis er varðar sóttvarnir og samkomutakmarkanir.

V. *Álftanes, Garðabær, áramótabrenna*

Lögð fram umsókn Stefáns Arinbjarnasonar, f.h. Ungmennafélags Álftaness kt. 630190-1939, dags. 24.11.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu við Íþróttamiðstöð Álftaness, Garðabæ kl. 20.30 þann 31.12 2020.

Jákvæð umsögn staðfest með fyrirvara um að fylgt sé reglugerðum heilbrigðisráðuneytis er varðar sóttvarnir og samkomutakmarkanir.

5.4. *Krafa um hreinsun lóðar að Tinhellu 8, Hafnarfirði*

Við umhverfiseftirlit s.l. vetur og í vor sem leið kom í ljós að allnokkuð hafði safnast af úrgangsefnum á lóðinni Tinhellu 8 í Hafnarfirði og var m.a. bílhræ á lóðarmörkum og ónýtir skúrar. Umráðaraðili lóðar var fyrirtækið Brotajárn og málmur ehf. Heilbrigðiseftirlitið gerði kröfu dags. 10.06.2020 um að lóðin yrði hreinsuð og að úrgangi yrði komið í viðurkennda förgun. Hvorki var brugðist við né gerðar athugasemdir við kröfu heilbrigðiseftirlitsins.

Við endurtekið eftirlit nú á haustdögum er ljóst að ásýnd lóðarinnar er enn verri en áður. Svo virðist sem lóðin sé nýtt til að safna brotajárni og öðrum úrgangi. Slík starfsemi er háð leyfi byggingaryfirvalda og starfsleyfi og starfsskilyrðum sem heilbrigðisnefnd setur. Hvorugt er til staðar. Nú er þinglýstur eigandi, Vaka hf., björgunarfélag kt.670269-5589. Ljóst er að umgengni um lóð Tinhellu 8 er ekki í samræmi við reglur um úrgang eða lóðarskilmála og ásýnd lóðar er til verulegra lýta auk þess sem hætta er á olíumengun og fokhættu. Þá hafa borist kvartanir m.a. frá Hafnarfjarðarbæ með kröfu um aðgerðir.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að lóðarhafa, Vöku hf. björgunarfélagi verði gert að hreinsa lóðina án tafar, að öðrum kosti verði lagðar á dagsektir í samræmi við reglugerð nr.941/2002 eða að hreinsun verði unnin á kostnað lóðarhafa ef heilbrigðiseftirlit telur að bregðast þurfi við nú þegar vegna mengunarhættu. Vakin er athygli á að kostnaður sem af slíku hlýst er tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi lóð.

Fundurinn var haldinn með fjarfundarbúnaði og staðfesta nefndarmenn fundargerðina síðar með undirritun sinni.

Jón Haukur Ingvason

Linda Hrönn Þórisdóttir

Sigurður Grétarsson

Gnýr Guðmundsson

Ingibjörg Hauksdóttir

Elínbjörg Ingólfssdóttir



Stjórn SSH 512. fundur

Mánudaginn 9. nóvember 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Fundur með ráðherrum / málsnr. 2003006

Undirbúningur fundar með forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, um fjárhagsáhrif Covid-19, sem fram fer miðvikudaginn 11. nóvember nk.

Umræður.

2. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna 2021

Fjárhagsáætlanagerð aðildarsveitarfélaga SSH fyrir árið 2021.

Umræður.

3. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:00.



Stjórn SSH 513. fundur

Mánudaginn 16. nóvember 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Framhald umræðu frá 511. fundi. Kynntar verða tillögur um stefnuráð byggðasamlaga svo og staða greiningar á verkefnum Sorpu bs. og Strætó bs. Gestir fundarins undir þessum lið eru Guðrún Ragnarsdóttir og Helga Hlín Hákonardóttir frá Strategíu.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynnir greiningu verkefna byggðasamlaganna. Helga Hlín Hákonardóttir kynnir tillögur um stefnuráð byggðasamlaganna. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir hugmyndir um stýrihóp og stöðu verkefnisins á grundvelli innleiðingaráætlunar.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Ákveðið að halda fræðslufund fyrir kjörna fulltrúa, þar sem fjallað verði um stöðu greiningar á verkefnum þegar hún er lengra komin og tillögur um stefnuráð. Formanni, í samráði við framkvæmdastjóra, er falið að útfæra tillögur um stofnun stýrihóps vegna verkefnisins.

2. Undirbúningur Borgarlínu / málsnr. 1903002

Um fjöllun um félagshagfræðilega greiningu Borgarlínu sem unnin var af Mannviti hf. og Cowi A/S. Gestir fundarins undir þessum lið eru Hrafnkell Á. Proppé og Lilja Guðríður Karlsdóttir.

Hrafnkell Á. Proppé kynnir ástæður fyrir því að félagshagfræðigreining á Borgarlínu framkvæmdum var gerð, og fjallar um gagnrýni sem fram hefur komið vegna hennar.

Umræður.

Niðurstaða fundar:



Óskað er eftir að verkefnastofa Borgarlínu vinni samantekt um þá umfjöllun sem fram hefur komið um félagshagfræðilega greiningu Borgarlínuframkvæmda.

3. Höfuðborgarstefna / málsnr. 2011001

Fyrirliggjandi er bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 26. október 2020, þar sem óskað er eftir tilnefningu SSH á fulltrúa í starfshóp um höfuðborgarstefnu.

Niðurstaða fundar:

Stjórn ákveður að tilnefna Rósu Guðbjartsdóttur sem fulltrúa SSH í starfshóp um höfuðborgarstefnu.

4. Önnur mál

- a. Formaður tekur á dagskrá ábendingar sem fram komu á aðalfundi varðandi aðgang kjörinna fulltrúa og almennings að fundargerður og fylgigögnum. Í starfs- og fjárhagsáætlun SSH fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir því að heimasíða verði uppfærð og sett verði upp nýtt gagnamiðlunarkerfi sem stuðli að þessu markmiði.

Umræður.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.



Stjórn SSH 514. fundur

Mánudaginn 23. nóvember 2020, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH, Gunnar Einarsson formaður stjórnar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Kjarasamningar, stytting vinnuviku o.fl. / málsnr. 2009002

Framhald umræðu frá fyrri fundum. Mannauðsstjórar sveitarfélaganna koma á fund stjórnar SSH til fjalla um málefni tengd kjarasamningum, og styttingu vinnuvikunnar. Gestir fundarins undir þessum lið eru Alda Gunnarsdóttir, Ari Eyberg, Elín Guðný Gunnarsdóttir, Inga Þóra Þórisdóttir, Lóa Birna Birgisdóttir og Guðrún Þorsteinsdóttir sem kynna stöðu mála í einstökum sveitarfélögum.

Umræður.

2. Skilavegir – yfirfærsla vega til sveitarfélaga / málsnr. 1910012

Framhald umræðu frá 510 og 511. fundi. Fyrirliggjandi er annars vegar bréf SSH til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, um þörf á að ganga frá rekstrar- og viðhaldspáttum varðandi skilavegi og að samningar á grundvelli 5. mgr. 6. gr. Samgöngusáttmálans þurfi að eiga sér stað, dags. 10. nóvember 2020. Hins vegar svarbréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 11. nóvember 2020. Gestur fundarins undir þessum lið er Birgir Björn Sigurjónsson. Birgir Björn kynnir stöðu þessa verkefnis.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofu SSH er falið að senda bréf SSH, dags. 10. nóvember 2020, og svarbréf ráðuneytisins, dags. 11. nóvember 2020, til aðildarsveitarfélaga SSH til kynningar. Haldinn verður kynningarfundur um stöðu mála fyrir þingmenn höfuðborgarsvæðisins og ráðherra og er skrifstofu SSH falinn undirbúningur slíks fundar.

3. Fjölsmiðjan / málsnr. 1501007

Fyrirliggjandi er erindi Fjölsmiðjunnar, dags. 2. nóvember 2020, þar sem lýst er áhrifum Covid-19 á starfsemina ásamt því að farið er fram á viðbótarfjármagn til starfseminnar vegna þeirra.



Gestir fundarins undir þessum lið eru Sturlaugur Sturlaugsson forstöðumaður Fjölsmiðjunnar og Ellen J. Calmon stjórnarformaður sem kynna framangreint erindi og fjárhagsstöðu Fjölsmiðjunnar.

Gestir vikja af fundi.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Afgreiðslu frestað og erindi Fjölsmiðjunnar vísað til félagsmálasviða einstakra sveitarfélaga til skoðunar.

4. Beiðni um niðurfellingu fasteignagjalda vegna Covid-19 / málsnr. 2003006

Ofangreint var tekið fyrir á 508. og 511. fundum stjórnar SSH. Á 511. fundi stjórnar SSH var eftirfarandi niðurstaða fundar bókuð í fundargerð:

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu telur að lögum samkvæmt sé ekki heimilt að fella niður fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði. Hvað varðar frestun á greiðslum er kveðið á um hana í bráðabirgðaákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en þar kemur m.a. fram að hafi gjaldandi sem hefur frestað greiðslun á árinu 2020 orðið fyrir miklu tekjufalli á árinu 2020 geti hann óskað eftir auknum fresti fram til 15. dags. júní, júlí og ágúst 2021. Ekki verður séð að frekari lagaheimildir séu til staðar er heimili frestun greiðsla. Þá er forgangsréttur lögveðs einungis í gildi í tvö ár frá gjalddaga. Til að verða við kröfum þeim sem fram koma í bréfinu þyrfi því að koma til lagabreytinga. Er skrifstofu SSH falið að svara erindinu í samræmi við niðurstöðu fundarins.

Drög að svari samkvæmt ofangreindu liggja fyrir fundinum.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofu SSH falið að vinna svarið áfram með hliðsjón af umræðum fundarins.

5. Önnur mál

a) Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir í þágu sveitarfélaga vegna heimsfaraldurs kórónuveiru / málsnr. 191005

Ofangreind tillaga til þingsályktunar hefur verið send SSH til umsagnar.

Umræður.

Niðurstaða fundar:



Stjórn SSH tekur undir töluliði 1, 2 og 4 í ofangreindri tillögu til þingsályktunar og hvetja til þess að komið verði til móts við sveitarfélögin til samræmis við þessi sjónarmið. Þess utan hafa SSH ekki markað afstöðu til annara tillagna í þingsályktuninni sem lagðar eru fram. Að öðru leyti er vísað til umsagnar SSH um frumvarp til fjárlaga.

Ármann Kr. Ólafsson og Rósa Guðbjartsdóttir vikja af fundi.

6. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk / málsnr. 1711002

Í undirbúningi er nýtt útbod fyrir rammasamning um akstur með fatlað fólk og aldraða einstaklinga með leigubifreiðum. Gögn vegna þessa liðar eru fyrirliggjandi og hafa þegar verið send hlutaðeigandi stjórnarfólki með tölvupósti Páls Björgvins Guðmundssonar, framkvæmdastjóra SSH. Gestur fundarins undir þessum lið er Jóhannes Svavar Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó.bs. sem kynnir framangreint og stöðu vinnu við umrætt útbod, en gögn vegna þess hafi verið unnin og séu tilbúin.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Strætó bs. falið að setja útbodsferli vegna þessa af stað.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:45.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ár 2020, föstudaginn 13. nóvember, var haldinn 44. aðalfundur samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Fundurinn var haldinn í borgarstjórnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og í fjarfundabúnaði og hófst kl. 12:00. Viðstödd voru: Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Dagur B. Eggertsson, Pawel Bartoszek, Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir. Fundarmenn sem tóku sæti í fjarfundi eru tilgreindir í meðfylgjandi nafnalista.

Þetta gerðist:

1. Setning aðalfundar.

Rósa Guðbjartsdóttir, bærarstjóri Hafnarfjarðabæjar og formaður stjórnar SSH, setti fund og bauð gesti velkomna. Hún stýrði kjöri fundarstjóra.

Fundarstjóri var kjörinn Pawel Bartoszek, forseti borgarstjórnar, hann tók við stjórn fundarins og stýrði kjöri fundarritara.

Fundarritari var kjörin Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar.

2. Fram fara ársfundir byggðasamlaganna, sjá fundargerð ársfundanna.

3. Fram fara aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum SSH

3.1. Lögð fram skýrsla stjórnar SSH um liðið starfsár.

Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar SSH flutti skýrslu stjórnar um liðið starfsár. Ársskýrsla SSH er aðgengileg í fundargögnum.

3.2. Endurskoðaðir reikningar fyrir næstliðið almanaksár lagðir fram

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH fór yfir framlagðan og endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2019.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Rekstrareikningur:

Rekstartekjur kr. 52.042.855

Rekstargjöld kr. 44.040.695

Fjármunatekjur/gjöld kr. 1.907.949

Afkoma ársins kr. 2.276.545

Efnahagsreikningur

Eignir kr. 154.996.121

Eigið fé kr. 22.113.555.

Skammtímaskuldir kr. 132.882.566

Eigið fé og kuldir samtals kr. 154.996.121

Sveinn Óskar Sigurðsson, bærarfulltrúi í Mosfellsbæ tók til máls undir þessum lið varðandi störf svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra.

4. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2021
Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 er aðgengileg í fundargögnum

Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar SSH fór yfir og skýrði tillögur stjórnar SHH að starfsáætlun samtakanna fyrir árið 2021. Helsta verkefni næsta árs er að efla enn frekar starfsemi SSH með áherslu á öflugri hagsmunagæslu fyrir höfuðborgarsvæðið. Lögð verður áhersla á markvissari verkefnastjórnun, efla samskiptverkfæri og nýta rafrænar leiðir s.s. fjarfundabúnað í starfi SSH. Verkefni samgöngusáttmálans verða umfangsmikil á árinu 2021 á vettvangi stjórnar SSH, ásamt áframhaldandi utanumhaldi svæðisskipulags sveitarfélaganna. Unnið er að endurnýjun á samkomulagi við ríkið um rekstur almanningsamganga. Framkvæmda- og verkefnastjórn Borgarlínu flyst til Vegagerðarinnar á árinu.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagáætlun SSH fyrir árið 2021.

Sveinn Óskar Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ tók til máls undir þessum lið og ræðir um miðlun upplýsinga til kjörinna fulltrúa m.a. varðar Borgarlínu.

Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Stjórn SSH leggur til við aðalfund SSH 13. nóvember 2020 að árgjald aðildarsveitarfélaganna 2021 til samtakanna verði 116 kr. á hvern íbúa.

Samþykkt.

Sveinn Óskar Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ situr hjá við afgreiðslu málsins.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins löggilts endurskoðanda.

Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar SSH:

Lagt er til að skoðunarmenn verði: Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavíkurborg og Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ. Lagt er til að endurskoðandi verði: KPMG endurskoðun.

Samþykkt.

6. Önnur mál.

Til máls tekur Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík og leggur fram svohljóðandi tillögu sína og Pawels Bartozek borgarfulltrúa í Reykjavík, Lovísu Jónsdóttur bæjarfulltrúi Viðreisnar í Mosfellsbæ, Söru Daggar Svanhildardóttur bæjarfulltrúa Garðabæjarlistans og Karls Péturs Jónssonar bæjarfulltrúa Viðreisnar & Neslistans.

Lagt er til að á vettvangi SSH muni sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu leita leiða til að íbúar geti, þvert á sveitarfélögin, nýtt aðgangskort sín í sundlaugar, menningarhús og bókasöfn.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Vísað til meðferðar stjórnar SSH.

Til máls tekur Sveinn Óskar Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og ræðir um höfuðborgargirðingu.

Til máls tekur Stefán Ómar Jónsson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og ræðir um störf slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins vegna COVID-19 og leggur fram tillögu til stjórnar SHS að hún skoði hvort og þá með hvaða hætti umbuna megi starfsfólki SHS með einhverjum hætti vegna sérstakrar aðkomu þeirra og framlínustarfa í baráttunni við

COVID-19. Bæjarfulltrúinn beinir því einnig til stjórna Sorpu og Strætó að þær með sama hætti skoði hvort í þeirra starfssemi sé með sambærilegum hætti og hjá SHS um framlínustörf að ræða sem ástæða væri til að skoða.

Til máls tekur Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ og ræðir um tillögu sína varðandi höfuðborgarkort og vinnu Strategíu fyrir SSH.

Til máls tekur Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi og óskar eftir upplýsingum um stöðu tillögu sinnar frá aðalfundi SSH árið 2019 varðandi birtingu fundargagna.

Til máls tekur Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík og ræðir um fyrirkomulag byggðasamlaga og tillögu um höfuðborgarkort.

Til máls tekur Theódóra S. Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi og óskar eftir upplýsingum um stöðu tillögu sinnar frá aðalfundi SSH árið 2019.

Til máls tekur Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík og ræðir um tillögu sína um höfuðborgarkort.

Til máls tekur Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi og þakkar stjórn SSH vegna hagsmunagæslu samtakanna fyrir sveitarfélögin í COVID-19 ástandinu.

Til máls tekur Dóra Björt Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík og ræðir um aðgang og birtingu fundargerða og fundargagna

Til máls tekur Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og ræðir um nauðsyn þess að samræma flokkun sorps á höfuðborgarsvæðinu.

7. Fundarslit.

Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar SSH þakkaði góðan fund og umræður og tilkynnir að nýr formaður stjórnar SSH er Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ. Nýr varaformaður stjórnarinnar verður Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

Gunnar Einarson, nýr formaður stjórnar SHH tekur til máls og þakkar fráfarandi formanni fyrir vel unnin störf.

Fundi slitið 15:00



Ársfundir byggðasamlaganna

Ár 2020, föstudaginn 13. nóvember, voru haldnir ársfundir byggðasamlaganna í borgarstjórnarsal Ráðhúss Reykjavíkur, í fjarfundabúnaði og hófst kl. 12:00.

1. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri fór yfir ársskýrslu slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og verkefni ársins.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Vigdís Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúar í Reykjavík tóku til máls undir þessum lið.

2. Sorpa.

Líf Magneudóttir stjórnarformaður Sorpu kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir verkefni Sorpu, stöðu verkefna, málefni GAJA og hvað er á döfinni hjá Sorpu. Helgi Þór Ingason, framkvæmdastjóri Sorpu og Guðrún Eva Jóhannesdóttir sátu jafnframt fyrir svörum undir þessum lið.

Sveinn Óskar Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík tóku til máls undir þessum lið.

3. Strætó.

Hjálmar Sveinsson stjórnarformaður Strætó, fór yfir starfsemi Strætó á árinu og áhrif COVID-19 og samkomutakmarkana á rekstur og fjárhag Strætó. Kynnt var efni nýrrar fargjaldastefnu og breytingar á leiðakerfi með áherslu á stofnleiðir.

Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó fór yfir ársskýrslu Strætó og rekstrarafkomu fyrirtækisins.

Sveinn Óskar Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og Kolbrún Baldursdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Eyþór Laxdal Arnalds borgarfulltrúar í Reykjavík tóku til máls undir þessum lið.

Fundi lauk kl. 13.30



FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 27. nóvember 2020. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Birkir Jón Jónsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Tekið fyrir

1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Lið er frestað til næsta fundar

2. Bókun vegna lánaþyrngreiðslu hjá Íslandsbanka

Framkvæmdastjóri leggur fram eftirfarandi bókun:

Vegna rekstraráætlunar SORPU bs. 2021-2025. Íslandsbanki hf. hefur samþykkt að framlengja yfirdráttarheimild samlagsins að upphæð 1.100 mkr. Yfirdráttarheimild mun framlengjast til 31.12.2021, og lánakjör og skilmálar haldast óbreyttir. Íslandsbanki hf. hefur jafnframt samþykkt að veita samlaginu nýtt lán allt að 300 mkr. árið 2021 til 10 ára, óverðtryggt.

Stjórn samþykkir framlengingu á yfirdráttarheimild hjá Íslandsbanka hf. að upphæð 1.100 mkr. og samþykkir lántöku að upphæð allt að 300 mkr. einnig hjá Íslandsbanka hf. Stjórn staðfestir umboð framkvæmdastjóra, frá 22. október 2020, til að ganga frá undirritun lánssamninga við Íslandsbanka hf. og tengdum skjölum í tengslum við þá. Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að afla nauðsynlegra heimilda og ábyrgða frá eigendum SORPU bs.

3. Önnur mál

Engin önnur mál eru tekin fyrir

4. Næsti fundur

Næsti fundur er ákveðinn fimmtudaginn 3. desember klukkan 14:00

Fleira var ekki gert og fundi slitið 07:43

Fullgild rafræn undirskrift
BIRKIR JÓN JÓNSSON
Kennitala: 240779-5289
2020-11-27 12:15:52 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÁGÚST BJARNI GARDARSSON
Kennitala: 290987-2539
2020-11-30 08:04:59 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
LÍF MAGNEUDÓTTIR
Kennitala: 130874-6059
2020-11-27 08:07:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓNA SÆMUNSDÓTTIR
Kennitala: 190358-2169
2020-11-27 08:35:02 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
BJARNI TORFI ÁLFPÓRSSON
Kennitala: 080560-3709
2020-11-27 09:07:55 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KOLBRÚN G ÞORSTEINSDÓTTIR
Kennitala: 190867-5369
2020-11-27 09:22:42 GMT
Ástæða: Undirskrift

Tillaga Garðabæjarlistans um að Garðabær innleiði Framfaravogina mælitæki sem mælir velsæld bæjarbúa.

Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Bæjarstjórn samþykkir að hefja vinnu við að greina kosti og galla þess að innleiða Framfaravogina mælitæki sem mælir velsæld bæjarbúa.

Greinargerð

Samhliða innleiðingu Heimsmarkmiða, Barnasáttmála sameinuðupjóðanna og þess að Garðabær er þegar orðið Heilsueflandi samfélag er mikilvægt að hafa þar til gerð tæki og tól til þess að mæla árangur.

Velsæld íbúa skiptir máli og því skiptir máli að geta mælt og unnið að betra samfélagi út frá niðurstöðum mælinga. Framfaravogin gefa slíka yfirsýn og hefur þegar sýnt gagnsemi sína í nokkrum sveitarfélögum hér á landi.

Markmið Framfaravogarinnar er að draga fram stöðu félagslegra framfara í samfélaginu og um leið og sýna hvar og hvað má betur fara. Framfaravogin er stjórnæki eða einskonar vegvísir sem hjálpar sveitarfélögum að byggja upp umhverfi og innviði sem stuðla að félagslegu öryggi, heilbrigðum lífsháttum og samfélagslegri þátttöku allra íbúa.

Áherslur á félagslegar framfarir og umbætur er taka tillit til fleiri þátta en efnahagslegra verðmæta einna, hafa aukist verulega á undanförunum misserum. Ein leið til að draga fram stöðuna og stilla upp aðgerðum þar sem að félagslegar framfarir eru hafðar að leiðarljósi er að beita kortlagningu vísitölu félagslegra framfara.

Tillaga um endurskoðun skólastefnu leik- grunn- og tónlistarskóla Garðabæjar
Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir

Bæjarstjórn samþykkir að hefja endurskoðun á skólastefnu leik-, grunn- og tónlistarskóla Garðabæjar og setja á laggirnar stýrihóp sem ber ábyrgð á þeirri vinnu. Stýrihópur hefji störf strax á nýju ári.

Greinargerð

Þann 3. október árið 2013 var síðast ákveðið að fara í heildstæða endurskoðun á skólastefnu Garðabæjar. Því er brýnt að koma þeirri vinnu af stað sem allra fyrst. Gildandi skólastefna er þegar orðin barn síns tíma og skortir að spegla það samfélag sem við búum í í dag að fullu.

Tillaga: Tillaga um að útfæra leiðir til að innleiða fjárhagslega hvata fyrir íbúa sveitarfélagsins sem að stuðla að betri flokkun og úrgangsstjórnun

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að fela Umhverfisnefnd Garðabæjar að útfæra leiðir til að innleiða fjárhagslega hvata fyrir íbúa sveitarfélagsins sem að stuðla að betri flokkun og úrgangsstjórnun í sveitarfélaginu. Jafnframt að viðurkenningum fyrir góðan eða eftirtektarverðan árangur sem tengjast flokkun og betri úrgangsstjórnun verða hluti af árlegum umhverfisviðurkenningum Garðabæjar.

Greinargerð:

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna telur að 70% til 90% nauðsynlegra aðgerða í loftlagsmálum séu bundin sveitarstjórnarstiginu. Hér gegna sveitarfélögin því lykilhlutverki. Það er því mikilvægt að sveitarfélögin taki þátt í þessu mikilvæga verkefni að fullum þunga og horfi þar til úrgangs, flokkun, samgangna, endurheimtur votlendis og aðrar grænar lausnir með það að markmiði að fækka sótsporum í starfsemi sveitarfélagsins.

Allt að 8% af heildarlosun Íslendinga er frá sorpi meðan hún er um 1-3% hjá þjóðum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við. Frá því að mælingar hófust um 1990 hefur losunin aukist á Íslandi á sama tíma og hún hefur dregist saman um allt að 70% hjá þjóðum sem eru til fyrirmyndar í þessum málum.

Garðabær hefur lagt mikla áherslu á umhverfismál. Ekkert sveitarfélag hefur friðlýst jafn mikið landsvæði og Garðabær. Bæjarstjórn hefur samþykkt samhljóða að draga úr sótsporum í starfsemi sveitarfélagsins. Græn innkaupastefna, stefna í úrgangsmálum auk þess sem plastnotkun verður minnkuð. Það er því mikilvægt næsta skref að íbúar sveitarfélagsins geti tekið enn meiri þátt og að fundnir verði fjárhagslegir hvatar fyrir íbúa til að gera enn betur.

Áslaug Hulda Jónsdóttir og Jóna Sæmundsdóttir



Bæjarstjórn Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 24. nóvember 2020

Varðar: Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. hefur fyrir sitt leyti á 218. stjórnarfundum þann 20. nóvember 2020 samþykkt meðfylgjandi gjaldskrá fyrir slökkviliðið.

Megintilgangur gjaldskrárinnar er að gera slökkviliðsstjóra mögulegt að taka gjald samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 þegar þarf að beita þvingunarúrræðum og/eða viðurlögum.

Hækkun gjaldskrártaxta milli ára nemur 13,1%. Það sem veldur hækkun umfram vegið meðaltal áætlaðrar launavísitölu og neysluverðsvísitölu fyrir árið 2021, eru áhrif nýrra kjarasamninga á launakostnað árána 2020 og 2021.


Um tvenns konar taxta er að ræða. Annars vegar vegna gjaldtöku fyrir lögbundin verkefni, þar sem heimild til gjaldtöku liggur fyrir í lögum. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 16.830 kr./klst.

Hins vegar er sérstakur taxti vegna gjaldtöku fyrir önnur verkefni og þjónustu sem slökkviliðið sinnir ef óskað er eftir því. Þetta eru verkefni sem eru ekki lögbundin, en falla þó að tilgangi liðsins skv. stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Grunneining vegna slíkrar gjaldtöku er 22.721 kr./klst. Mikilvægt þykir að gjaldtakan sé þess eðlis að hún hvetji heldur til þess að leitað sé til aðila á hinum almenna markaði eftir þessari þjónustu, sé þess kostur, þar sem slökkviliðið eigi aldrei að vera eftirsóknarverður valkostur til að sinna ólögbundnum verkefnum sem aðrir geti hugsanlega sinnt. Því er einingaverð vegna gjaldtöku fyrir verkefni sem ekki teljast lögbundin verkefni slökkviliðsins 35% hærra en einingaverð fyrir lögbundin verkefni.

Til að gjaldskráin öðlist gildi þarf samþykki allra aðildarsveitarfélaganna og óskar undirritaður því hér með eftir samþykki að beiðni stjórnar slökkviliðsins.

Samhljóða bréf er sent stjórnnum hinna aðildarsveitarfélaganna fimm.

Virðingarfyllst,


Jón Viðar Matthíasson
slökkviliðsstjóri

Meðfylgjandi:

Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 20. nóvember 2020

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík – Sími 528 3000

www.shs.is – shs@shs.is

GJALDSKRÁ

Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

I. kafli

Almennt.

1. gr.

Verkefni Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) ákvarðast annarsvegar af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hinsvegar af ákvæðum í stofnsamningi SHS.

2. gr.

SHS innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

3. gr.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum sem SHS eru sett í stofnsamningi.

II. kafli

Lögbundin verkefni.

4. gr.

Sé ákvæðum 2. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum beitt skal eigandi eða umráðamaður mannvirkis eða lóðar bera kostnað samkvæmt gjaldskrá af eftirliti með því að farið hafi verið að kröfum um úrbætur samkvæmt 3. mgr. 29. gr. sömu laga. Einnig er heimilt að taka gjald fyrir öryggis- og lokaúttektir samkvæmt 3. mgr. 12. gr. sömu laga.

Fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 16.830 króna.

5. gr.

Öryggisvaktir á mannvirki.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna öryggisvakta eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að öryggisvakt skuli sett á viðkomandi húseign. Á það jafnframt við um tilfallandi vaktir vegna tímabundinna viðburða þar sem fullum eldvörnum verður ekki við komið eða á meðan unnið er að úrbótum á þeim. Innheimtar eru að lágmarki 67.320 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 16.830 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 30. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Lokun mannvirkis.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til vegna lokunar mannvirkis eftir að eiganda eða forráðamanni hefur verið tilkynnt ákvörðun slökkviliðsstjóra um að loka skuli viðkomandi mannvirki. Innheimt er 16.830 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Þegar um lokunaraðgerðir er að ræða utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 67.320 kr., auk 16.830 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. og 31. gr. laga um brunavarnir.

7. gr.

Dagsektir.

Innheimt skal fyrir alla vinnu og akstur sem fellur til frá og með ákvörðun slökkviliðsstjóra um dagsektir og þar til kröfum um úrbætur á eldvörnum hefur verið fullnægt. Innheimt er 16.830 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

8. gr.

Öryggis- og lokaúttektir.

Innheimt er fyrir alla vinnu sem fellur til vegna öryggis- og lokaúttektar, að lágmarki 33.660 kr. Fyrir stærri úttektir skal að auki innheimt 16.830 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvo tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir.

9. gr.

Eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar.

Fyrir endurkomu vegna eftirlits og eftirfylgni kröfugerðar skal innheimt fast gjald, 33.660 kr. fyrir hvert skipti. Fyrir aðra vinnu við eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar skal innheimt 16.830 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund. Þegar eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar á sér stað utan tilskilins daglegs vinnutíma starfsmanns eru innheimtar 67.320 kr., auk 16.830 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

10. gr.

Eftirfylgni útkalla vegna brunaviðvörðunarkerfa.

Sé slökkvilið kallað út vegna boða frá sjálfvirku brunaviðvörðunarkerfi án þess að eldur sé laus skal innheimt fyrir kostnaði af eftirliti með því að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir endurtekin falsboð.

Innheimt er fast gjald fyrir tvær klukkustundir, 33.660 kr., fyrir eftirlitið. Leiði það hins vegar til frekara eftirlits, vegna ítrekaðra falsboðana eða alvarlegra ágalla á brunavörnum, fellur það undir eftirlit og eftirfylgni kröfugerðar sbr. 9. gr. þessarar gjaldskrár og er þá innheimt samkvæmt því. Heimild til gjaldtöku byggir á 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

III. kafli Önnur verkefni og þjónusta.

11. gr.

Slökkviliðið sinnir öðrum verkefnum sem eru ekki skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum. Þessi verkefni verða þó að falla að tilgangi slökkviliðsins sem er að vinna að velferð íbúa aðildarsveitarfélaga samkvæmt stofnsamningi, séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum né framkvæmd í samkeppni við aðra aðila. Því ber að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

Fast tímagjald samkvæmt 4. gr. fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 16.830 kr. fyrir lögbundin verkefni. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða, þjálfunar, virkjunartíma og þess að þjónustan er aðgengileg allan sólarhringinn, allt árið er fast tímagjald fyrir hverja byrjaða klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns innheimt með 35% álagi. Fast tímagjald fyrir vinnu sem ekki er skilgreind sem verkefni liðsins samkvæmt lögum er því 22.721 kr. nema annað sé sérstaklega tekið fram. Þar sem um sérstakan viðbúnað er að ræða, sbr. 12.-14. gr., er að lágmarki innheimt fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir, eða 181.764 kr.

12. gr.

Viðbúnaður vegna eldsvoða og mengunaróhappa.

Í 2. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum kemur fram að lögin gilda um eldvarnir og slökkvistörf vegna eldsvoða og viðbúnað við mengunaróhöppum á landi nema kveðið sé á um annað í lögnum. Þau gilda enn fremur um björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum björgunarbúnaði. Lögin ná til starfsemi slökkviliða á landi, þ.m.t. slökkvistarfa í jarðgöngum, í skipum sem liggja í höfn og loftförum sem eru á jörðu niðri.

Slökkvistörf og viðbúnaður við mengunaróhöppum á sjó og í lofti falla hins vegar ekki undir lögin, né heldur eldvarnir í skipum með haffærisskírteini, loftförum, almennum vinnuvélum, bifreiðum eða öðrum vélknúnum ökutækjum. Slökkviliðsstjóri metur það hverju sinni hvort sinna skuli beiðnum um verkefni sem liggja fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni slíku ólögboðnu verkefni skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal að lágmarki 181.764 kr., auk 22.721 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

13. gr.

Viðbúnaður vegna upphreinsunar.

Upphreinsun sem fellur ekki undir skilgreiningu 3. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 á mengunaróhappi er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 181.764 kr., auk 22.721 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

14. gr.

Viðbúnaður vegna verðmætabjörgunar og vatnsleka.

Verðmætabjörgun sem ekki er tilgreind í brunavarnalögum, t.d. vegna vatnsleka, er sinnt af slökkviliði þótt ekki sé mælt fyrir um það í lögum um brunavarnir, meðan ekki eru aðrir þar til hæfir aðilar tiltækir til að sinna verkefninu. Er það mat slökkviliðsstjóra hverju sinni hvenær sinna skal beiðnum um verkefni fyrir utan gildissvið laganna.

Ef óskað er eftir því að slökkviliðið sinni verkefni sem fellur utan gildissviðs laganna skal lágmarksgjaldtaka vera fyrir fjóra starfsmenn í tvær klukkustundir ef ekki liggja fyrir samningar um annað. Innheimta skal því að lágmarki 181.764 kr., auk 22.721 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram tvær fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

15. gr.

Ráðgjafarþjónusta.

Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnarsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi. Ef ráðgjafarvinnan er fyrir utan ákvæði d-liðar 1. mgr. 12. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum, um leiðbeiningar til fyrirtækja og stofnana eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða vegna viðkomandi starfssemi, er þjónustan gjaldskyld. Innheimtar eru 22.721 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu.

16. gr.

Tækjaleiga.

Tækjaleiga er ekki fyrirskrifuð í lögum um brunavarnir. Þó er eðlilegt að leigja tæki sem eru þess eðlis að ekki er hægt að leigja þau hjá öðrum aðilum eða ef aðstæður kalla á skjóta notkun sem aðrir aðilar geta ekki boðið.

Verðlagning er ákveðin þannig að hún sé ávallt í það minnsta 35% hærri en leiga á svipuðum eða sambærilegum tækjum sem aðrir geta útvegað til að tryggja samkeppnissjónarmið. Oftast er um að ræða dælu- eða körfubíla, t.d. vegna kvikmyndagerðar eða einhverrar uppákomu sem kallar á slíkan búnað. Verðlagningu á tækjum skal endurskoða við hverja breytingu á gjaldskrá þessari.

Tæki SHS skulu aðeins notuð af starfsmönnum slökkviliðsins. Innheimtar eru að lágmarki 67.320 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 16.830 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma, auk tækjaleigu.

17. gr.

Fylgd vegna sprengiefnaflutninga.

Sprengiefnafylgd er ekki áskilin í lögum um brunavarnir heldur er kveðið á um slíka fylgd í lögreglusamþykkt Reykjavíkur og veitir lögreglustjóri ekki heimild til flutnings nema í fylgd slökkviliðs. Innheimtar eru að lágmarki 67.320 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 16.830 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

18. gr.

Annað.

Innheimt skal gjald fyrir aðra vinnu sem ekki er tilgreind hér og ekki er mælt fyrir um í lögum eða er í samræmi við stofnsamning SHS. Innheimt er fyrir tæki samkvæmt 16. gr. og að lágmarki 67.320 kr. fyrir hvern starfsmann sem sinnir verkefninu, auk 16.830 kr. fyrir hverja byrjaða klukkustund umfram fjóra tíma.

Getur þetta átt við um þjónustu vegna sérstakra verkefna eins og kvikmyndatöku, móttöku erlendra þjóðhöfðingja eða sendimanna, menningarviðburða o.fl. þess háttar.

IV. kafli
Innheimta.
19. gr.

SHS annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Gjaldalagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Gjöldum sem til eru komin vegna öryggis- og lokaúttekta, sem og aðgerða til að knýja fram úrbætur samkvæmt lögum, sbr. 5. gr. t.o.m. 10. gr., fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, sbr. 3. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum.

V. kafli
Gildistaka og lagastoð.
20. gr.


Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum SHS, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum. Gjaldskráin er einnig samþykkt af stjórn SHS. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og fellur þar með úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1400/2019.

F.h. stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.,
20. nóvember 2020,

Dagur B. Eggertsson,
formaður.

Undirritunarsíða

Dagur B Eggertsson



Undirritað af:
Dagur B Eggertsson
1906725739
Dags: 20.11.2020
Tími: 13:35:02
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 2021e94b-
a7b2-4506-b44b-
6ac36473ffea

Gjaldskrá um sorphirðu í Garðabæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir. Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu og urðun sorp, ásamt kostnaðarhlutdeildar við rekstur endurvinnslustöðva.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 41.000 á hverja íbúð á árinu 2021.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar, og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannalegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1229/2019.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
3. desember 2020*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Gjaldskrá
um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu
við Kjóavelli í Garðabæ

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 318.500,- á hvert hús á árinu 2021.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt fyrir hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar nr. 958/2008 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1228/2019.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar

3. desember 2020

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari

GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA

Gildir frá 1. janúar ~~2020~~2021

1. Gjald fyrir leikskólavist er kr. ~~2.043~~ 2.094 á mánuði fyrir hverja hálf klukkustund á rekstrardegi skóla.

2. Lágmarksdvöl miðast við fjórar klukkustundir á dag.

Gjald fyrir hádegisverð er kr. ~~7.925~~ 8.123 á mánuði.

3. Einstæðir foreldra og námsmenn ef báðir foreldrar eru í fullu námi, fá 40% afslátt af leikskólagjaldi en greiða fullt verð fyrir fæði.

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Allt nám sem er lánshæft er hjá LÍN telst gilt nám.

4. Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn á leikskóla, í tólmstundaheimili eða hjá dagforeldrum, fá 50% afslátt af gjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% afslátt af gjaldi fyrir hvert barn umfram tvö, en greiða fullt verð fyrir fæði. Systkinaafsláttur gildir alltaf fyrir eldra/elsta barn óháð fjárhæðum. Sækja þarf um systkinaafslátt á sérstöku eyðublaði sem finna má á vefsíðu Garðabæjar.

5. Foreldrar geta sótt um tímabundinn afslátt af gjaldskrá vegna náms annars foreldris eða beggja og vegna atvinnuleysis á þar til gerðu eyðublaði og skal umsókninni fylgja vottorð um atvinnuleysi. Ákvæði þetta skal gilda tímabundið frá 1. janúar ~~2020~~2021 til ársloka.

6. Gjald umfram 8 tíma skal vera kr. ~~4.086~~ 4.188 fyrir hverja hálf klukkustund og skal það vera óháð systkinaafslætti.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar

~~7. nóvember 2019~~ desember 2020

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari

Garðabær innheimtir 650 kr. foreldragjald mánaðarlega með leikskólagjöldum fyrir foreldrafélög leikskólanna. Gjaldið er innheimt að beiðni foreldrafélags og fært á viðskiptareikning foreldrafélagsins hjá bænum. Ráðstöfun er í höndum stjórnar foreldrafélaga í samráði við leikskólastjóra. Foreldragjald er frjálst framlag sem foreldrum er ekki skylt að greiða.

GJALDSKRÁ FYRIR FRÍSTUNDAHEIMILI

Garðabær starfrækir frístundaheimili við Flataskóla, Hofstaðaskóla, Sjúlandsskóla
Álftanesskóla og Urriðaholtsskóla.

Í frístundaheimilum skólanna gefst nemendum skólanna kostur á að taka þátt í ýmis
konar leik og starfi

Gjald fyrir dægradvöl í frístundaheimili skal miðast við eftirfarandi sjö flokka.

1- 10 klst./mán.	kr. 3.660 <u>3.750</u>
11-20 klst./mán.	kr. 7.320 <u>7.500</u>
21-30 klst./mán.	kr. 10.980 <u>11.250</u>
31-40 klst./mán.	kr. 14.640 <u>15.000</u>
41-50 klst./mán.	kr. 18.300 <u>18.750</u>
51-60 klst./mán.	kr. 21.960 <u>22.500</u>
61-70 klst./mán.	kr. 25.620 <u>26.250</u>
71-80 klst./mán.	kr. 29.280 <u>30.000</u>

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, á frístundaheimili eða hjá
dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er
50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir barn umfram tvö.

Einstæðir foreldra og námsmenn ef báðir foreldrar eru í fullu námi, fá 40% afslátt af
gjaldi.

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á
vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um
einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Allt nám sem er lánshæft er hjá LÍN telst gilt nám

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar ~~2020~~2021.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
7. nóvember 2019, desember 2020*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Úr gjaldskrá vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar.

4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á frístundaheimilum grunnskólanna kr. ~~155-~~ 160
fyrir síðdegishressingu.

GJALDSKRÁ FYRIR STARFSEMI FRÍSTUNDAR

Frístund fyrir börn með sérþarfir í 5. til 10. bekk við grunnskóla í Garðabæ er starfrækt í Garðaskóla.

Í frístund gefst nemendum kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi

Gjaldskrá:

1- 10 klst./mán.	kr. 3.660 <u>3.750</u>
11-20 klst./mán.	kr. 7.320 <u>7.500</u>
21-30 klst./mán.	kr. 10.980 <u>11.250</u>
31-40 klst./mán.	kr. 14.640 <u>15.000</u>
41-50 klst./mán.	kr. 18.300 <u>18.750</u>
51-60 klst./mán.	kr. 21.960 <u>22.500</u>
61-70 klst./mán.	kr. 25.620 <u>26.250</u>
71-80 klst./mán.	kr. 29.280 <u>30.000</u>

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, í tómstundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram tvö.

Einstæðir foreldra og námsmenn ef báðir foreldrar eru í fullu námi, fá 40% afslátt af gjaldi.

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 30 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Allt nám sem er lánshæft er hjá LÍN telst gilt nám

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar ~~2020~~ 2021.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
~~7. nóvember 2019~~ desember 2020*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

GJALDSKRÁ vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar

1. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á að málsverði á skólatíma í samræmi við opinber mannelismarkmið.

2. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á málsverði í hádegi gegn greiðslu matargjalds í áskrift að fjárhæð kr. ~~485~~ 497.

3. gr.

Í Garðaskóla er rekið mötuneyti nemenda þar sem seldar eru einstakar máltíðir, smáréttir, mjólkurvörur, drykkir, brauð og kökur. Verð skal vera samkvæmt auglýstum verðlista á heimasíðu skólans.

4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á tómsundarheimilum grunnskólanna kr. ~~155~~ 160 fyrir síðdegishressingu.

5. gr.

Garðabær hefur samið við Skólamat ehf. um skólamálsverði í grunnskólum Garðabæjar og rekstur mötuneytis nemenda Garðaskóla. Fyrirtækið annast innheimtu matargjalds samkvæmt 2. og 3. gr.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar ~~7. nóvember 2019~~ 3. desember og öðlast þegar gildi ~~1. janúar 2021~~.

Garðabæ, ~~7. nóvember 2019~~ 3. desember 2020

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Gjaldskrá að sundlauga Garðabæjar frá 1. janúar 2020

Börn 17 ára og yngri, 67 ára og eldri og öryrkjar fá gjaldfrían aðgang að sundlaugum Garðabæjar

Sundlaugarnar Ásgarði og Álftanesi

Börn á aldrinum 11-17 ára

Stakt gjald sund (og þrek*)	- kr.
10 miða kort**	- kr.
30 miða kort**	- kr.
Árskort í þreksal (Ásgarði) og sund 16-17 ára	- kr.

* Börn yngri en 16 ára fá ekki aðgang að þreksal nema í fylgd íþróttakennara

Fullorðnir á aldrinum 18-66 ára

	verð	
Stakt gjald í sund	720 kr.	750
10 miða kort**	4.500 kr.	4.600
30 miðar **	9.230 kr.	9.500
Árskort í sund (og þreksal Ásgarði)	36.900 kr.	38.000
Stakt skipti í gufubað Ásgarði	-	
10 miðar í gufu**	-	

Ýmis þjónusta

Sundföt eða handklæði	560 kr.	580
Hvert kaffiglas - með ábót	105 kr.	0
** Garðakort - rafræn CTS kort	820 kr.	850

** Stofngjald afsláttarkorta er 800 kr. En þau má nýta áfram til endurhleðslu

Varðandi aðra þætti gjaldskyldu

- Börn 0-17 ára eru ekki gjaldskyld, miðað er við daginn sem þau verða 18 ára.
- Gjaldskylda fellur niður við 67 ára aldur og miðast við afmælisdag, framvísa verður persónuskilríkjum og **kaupa rafrænt aðgangskort.**
- Öryrkjar eru ekki gjaldskyldir gegn framvísun skírteinis sem gefið er út af Sjálfsbjörgu, félagi fatlaðra í Reykjavík, sem skal endurnýjað árlega.
- Skírteini Tryggingastofnunar ríkisins "grænt skírteini" vegna varanlegrar örorku eða "gult skírteini" vegna tímabundinnar örorku og skírteini Blindrafélags "blátt skírteini".
- Allir sem fá "frían" aðgang þurfa að nota rafræn **Garðakort**

Varðandi eldri kort

- Öll klippikort gilda áfram þar til þau eru upp urin!
- Afsláttarmiðar eru aðeins seldir inná rafræn CTS kort

Útleiga á íþróttasölum

Greiða skal fyrirfram fyrir afnot nema um fasta samninga sé að ræða

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 3. desember 2020

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.

Gjaldskrá Bókasafns Garðabæjar

Gildir frá 1. janúar 2021

Árgjald skírteina er 2.000 kr

Börn og unglingar undir 18 ára aldri, öryrkjar og ellilífeyrisþegar *greiða ekki árgjald*
Ef skírteinið glatast þurfa allir að greiða fyrir nýtt. Fullorðnir kr. 600 og börn kr. 300

Sektir: (á einnig við um gjaldfrítt efni)

Bækur, tímarit, hljóðbækur, tónlistardiskar og tungumálanámskeið ~~30~~40 kr. á dag
DVD diskar 200 krá dag

Ljósritun og prentun:

A4 blað 40 kr.

A3 blað 50 kr.

Annað:

Frátektargjald hvert eintak 200 kr.

Plastpokar 45 kr.

Taupokar 410 kr.

Skönnun 55 kr.

Ef útlámsgagn glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar

3. desember 2020

Guðjón Erling Friðriksson,

bæjarritari.

BST/03/12/2020

Tillaga að breytingu við frumvarp að fjárhagsáætlun 2021

Klifið - samn. frá í júlí 2020	1.000.000	Samningur frá 2015 hækkaði
Skíðasvæði Höfuðborgarsvæðis	3.200.000	Skv. drögum að áætlun - ath. framkvæmdir
Jöfnun úrgangsmoldar	-15.500.000	Breyting á fyrirkomulagi færslna færist með gatnagerðinni
Rekstur stofnana ýmiss vörukaup	-15.000.000	Aðhald stofnana - hagræðing
Aðalskipulag	-5.000.000	Dregið verði úr þjónustukaupum
Tölvuþjónusta	-5.000.000	Aðhaldskrafa - hagræðing
Samtals lækkun kostnaðar	<u><u>-36.300.000</u></u>	